

Flestir sýna kvíðaviðbrögð meðan skelfur

Sálfræðingur segir stjórnleysi jarðhræringanna valda mörgum kvíða og jafnvel hræðslu. Fólk þurfi að vera meðvitað um líkamleg og andleg einkenni og reyna að halda í daglega rútinu eins og hægt er. Ef óttinn heldur áfram ber að tala við fagaðila.

NÁTTÚRUHAMFARIR Jarðhræringarnar á Reykjanesi valda kvíða og jafnvel hræðslu hjá mörgum. Sjöfn Evertsdóttir, sálfræðingur hjá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni, telur að flestir sýni einhver kvíðaviðbrögð meðan á skjálfta stendur þó að upplifunin og viðbrögðin séu misjöfn.

Jarðhræringarnar hafa staðið yfir í nærri viku og eru margir orðnir þreyttir á líkama og sál. Í gær skýrði Visindaráð almannavarna frá vísendingum um kvikuinnskot sem kynnu að vera fyrirboði eldgoss.

„Þetta er eins og að þurfa sífellt að taka spretthlaup án undirbúnings,“ segir Sjöfn. „Þetta verður að tilfinningalegum óróa og okkur stendur ekki alveg á sama. Það er okkur flestum ekki eðlislægt að jörðin undir fótum okkar hristist.“

Sjöfn segir eina helstu ástæðuna fyrir kvíða og hræðslu vera stjórnleysið. Við ráðum ekki við náttúruhamfarir eða óróa.

„Við vitum ekki hvort skjálftarnir séu að verða búnir eða hvort þeir haldi áfram,“ segir Sjöfn. Við bætist umræða um stærri skjálfta í Brennsteinsfjöllum og eldgos á Reykjanesi. „Undir niðri erum við öll að undirbúa okkur undir þessa atburði því að það er búið að tala um þá.“

Óöryggi grípur um sig og fólk fer að huga að ýmsu sem það gerði ekki áður, svo sem að naglfesta skápa við vegg og útbúa neydartöskur í bilinn.

Sjöfn segir suma ekki þora upp í háar byggingar. Fram komi líkamleg einkenni eins og þreyta, einbeitingarskortur og nokkurs konar sjóríða, sér-

Þetta er eins og að þurfa sífellt að taka spretthlaup án undirbúnings.

Sjöfn Evertsdóttir sálfræðingur



staklega eftir öfluga hrinu, sem fólk ætti að vera vakandi fyrir.

„Það spilar einnig inn í að við höfum búið lengi við óvissuástand vegna faraldursins. Fólk er orðið langþreytt á þessu öryggisleysi sem við höfum upplifað undanfarið ár,“ segir Sjöfn. Vissulega séum við sífellt að verða vanari að lifa með faraldrinum en hann hafi þó sannarlega ruggað sálarlífi fólks síðan hann skall á. „Öll óvissa eykur á kvíða. Við verðum gjarnan ofur árvökul og getum átt erfiðara með svefn,“ segir hún.

Sjöfn segir mikilvægt fyrir fólk sem liður illa og er smeykt að ræða liðan sína við þann sem því þykir gott að tala við. Einnig að hlúa vel að sjálfum sér, gæta að svefninum og hlusta á sérfræðingana sem hafi ítrekað að fólk geti verið rólegt í hilylum sínum. Reyna að halda í daglega rútinu. „Ef viðvarandi ótti heldur áfram er gott að leita til fagaðila.“

Bendir Sjöfn á að fólk þurfi einnig að taka tillit til barna sem mörg þekki ekki jarðskjálfta. Þegar stjórnin sé tekin af okkur geti þráðurinn orðið styttri. Við bætist umræðan sem börn fari ekki varhluta af og geti valdið óhug. – **khg / sjá síðu 2**

Inga vill verða borgarstjóri í Nuuk

GRÆNLAND „Húsnæðisskorturinn er langstærsta málið hér,“ segir Inga Dóra Guðmundsdóttir Markussen sem leiðir framboð grænlandska stjórnarflokksins Siumut til borgarstjórnar Nuuk, stærsta og fjölmennasta sveitarfélags landsins.


Inga Dóra sem er hálfíslensk er þannig borgarstjóraefni Siumut-flokksins. Hún segir að þótt enginn skortur sé á störfum á Grænlandi séu margir utan vinnumarkaðar



Inga Dóra Guðmundsdóttir Markussen.

vegna félagslegra vandamála. Valdefla þurfi fólk og koma því til virkni.

„Hér eru margar fjölskyldur sem eiga bág,“ segir Inga. – **khg / sjá síðu 4**



Óvissa með Tý

„Alls óvíst er hvort og þá hvenær skipið kemst aftur í rekstur,“ segir Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, um viðgerðir á varðskipinu Tý. Í janúar hafi skrúfubúnaður Týs bilað svo að önnur aðalvéla skipsins er ónothæf. „Við nánari skoðun við slíptöku kom í ljós að vél sem stýrir skrúfubúnaði skipsins er ónýtt,“ segir hann. Ekki séu ekki til varahlutir í skrúfubúnaðinn. Einn af tönkum skipsins hafi reynst ónýtur sökum tæringar. Um afar kostnaðarsama viðgerð sé að ræða og sé málið til skoðunar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rafmögnuð tilvera



Nýr Audi Q7 TFSI e. Framsækin tækni, hönnun & þróun.





Fjöllin þar sem jörð skelfur á Reykjanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eldgos kynni að vara í vikur

NÁTTÚRUHAMFARIR Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur segir að ef komi til eldgoss á Reykjanesskaga gæti það hugsanlega varað í vikur eða versta falli mánuði. Þetta er meðal þess sem fram kom í viðtali við Þorvald og Magnús Tuma Guðmundsson jarðeðlisfræðing í Kastljósi í gærkvöldi.

Eins og kom fram á frettablaðið.is, vef Fréttablaðsins, í gær geta nýjar inSAR-gervitunglamyndir bent til kvikuinnskots nærri Fagradalsfjalli og hjá Keili. Ásta Rut Hjartardóttir jarðeðlisfræðingur sagði það ekki þurfa að þýða yfirvofandi eldgos. „Stundum hangir þetta bara niðri og fer ekkert upp,“ sagði Ásta.

Þá sagði að ef eldgos yrði væri svæðið ágætt með tilliti til fjarlægðar við mannabyggðir. Þeir Þorvaldur og Magnús Tumi sögðu í Kastljósi að hraun frá mögulegu eldgosi yrði hægfara. Slikt gos myndi ekki leiða til mikils óskufalls. Lítið myndi fara fyrir upphafi eldgossins vegna lítillar sprengivirkni. – oæg

Frískur flokkur



Hlaupahópur Víkings hittist á mánudögum og miðvikudögum. Í gærkvöldi hafði þessi vaski hópur hlaupið einn og hálfan kílómetra þegar ljósmyndara bar að garði. Því næst lá fyrir að taka svokallaðan brekkusprett og vissast að teygja sig og mýkja fyrir þau átök. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Byrjum á toppnum í rafíþróttaviðburðum

RAFÍÞRÓTTIR „Við hjá RÍSí höfum undanfarnir tvö ár lagt Ísland til sem mögulegan viðburðarstað fyrir rafíþróttamót og Íslandsstofa á allt hrós skilið fyrir vinnubrögð sín. Þau töluðu við okkur og náðu að samrýma allt í þessu stóra verkefni á mettime,“ segir Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtakanna.

Tilkynnt var í gær að eitt stærsta rafíþróttamót heims, Mid-Season Invitational í leiknum League of Legends, yrði í Laugardalshöll í vor.

Von er á um 400 manns í tengslum við mótið sem stendur í fjórar vikur. Mun hópurinn kaupa hátt í átta þúsund gistinætur á Íslandi.

Aðspurður telur Ólafur þetta verða stærsta rafíþróttaviðburðinn á Norðurlöndunum fram til þessa.

Leikurinn kemur úr smíðju tölvuleikjaframleiðandans Riot Games en að sögn Ólafs er League of Legends einn stærsti leikur heims.

„Við erum í raun að byrja strax á

Þau töluðu við okkur og náðu að samrýma allt í þessu stóra verkefni á mettime.

Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtakanna



toppnum. Mid-Season Invitational er stærsti viðburður Riot Games. League of Legends er með 27 prósent hlutdeild í áhorfi á rafíþróttum, rúmlega fjórðung markaðsins,“ segir Ólafur og heldur áfram:

„Heildarfjöldi þeirra sem hafa einhverja tengingu við League of Legends er hátt í hálfur milljarður. Fyrir vikið eru mörg tækifæri í boði á ýmsum sviðum.“ – kpt

Akureyri og Múlaþing í skjóli fyrir skjálftum

Töluvert margir höfuðborgarbúar mættu vansvefta til vinnu í gær eftir að jarðskjálftar hristu hús og borðbúnað. Margir eru orðnir þreyttir og hætta að hlæja að skjálftunum og vilja ná góðum nætursvefni en það er hægara sagt en gert.

NÁTTÚRUHAMFARIR Engin byggðarlög eru laus undan náttúruvá hér á landi. Þó má flýja jarðskjálftana sem nú ríða yfir og njóta lífsins á Egilsstöðum eða Akureyri.

Margir eru langþreyttir á stöðugum skjálftum, hvekkir og jafnvel kvíðnir.

Frá miðnætti í gær mældust um 1.500 jarðskjálftar, sá stærsti 4,9 að stærð. Hann reið yfir um hálf tvö um nótt og vöknudu margir höfuðborgarbúar við þann skjálfta. Annar stór reið yfir í lok vinnudags.

Það voru því fjölmargir sem mættu vansvefta til vinnu í gær eftir skjálftanótt og veltu fyrir sér hvert þeir gætu farið til að sofa rótt á nóttinni.

Sigurður Árnason, sérfræðingur hjá Bygðastofnun, segir að varla sé til það byggðarlag sem sé laust við náttúruvá. Alls staðar geti komið mikið hvasviðri. Það sé þó ekki mikið hætta á Blönduósi, Egilsstöðum og Búðardal.

„Ég velti einnig fyrir mér Djúpa-vogi. Svo man ég nú ekki eftir neinu hættulega á Hvammstanga. Og núna þegar við tölum saman þá man ég ekki eftir neinu í Borgarnesi nema roki. Þú finnur reyndar ekki stað á Íslandi þar sem er ekki rok,“ segir Sigurður léttur.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir að það sé nánast ómögulegt að útiloka alla náttúruvá því gjóska úr sprengigosum sé inni í því og hún geti farið í allar áttir.

„Mér detta Egilsstaðir í hug. Þar eru ekki ofanflóð og ekki jarðskjálftar. Það er langt í jarðskjálftasvæði og ekki jökulflóð þó það sé jökulá við Egilsstaði. Það getur þó gjóska borist út um allt í einhverju gosi. Í Holuhrauni sem dæmi lágu



Hliðarfjall hefur heillað marga að undanfögnu og geta höfuðborgarbúar rúllað norður í fegurðina og kyrrðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Mér detta Egilsstaðir í hug. Þar eru ekki ofanflóð og ekki jarðskjálftar.

Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur



Núna þegar við tölum saman þá man ég ekki eftir neinu í Borgarnesi nema roki.

Sigurður Árnason, sérfræðingur hjá Bygðastofnun



gös yfir Héraði,“ segir Einar. Þá bendir Einar á að það sé ekki mikil náttúruvá á Akureyri. Og þó að það hafi verið sagðar fréttir af snjóflóðahættu á Blönduósi sé hún afar lítil.

„Það eru engin byggðarlög sem er hættulegt að búa á. Hættusvæðin hafa verið kortlögð og metin og það má ekki byggja á þannig svæði.“

Aðspurður hvort Húnaþing vestra geti opnað dyrnar fyrir

þreyttum höfuðborgarbúum rifjar Einar upp að Skagafjarðarskjálftinn sem reið yfir árið 1963 var upp á sjö að stærð og að flestir landsmenn hafi vaknað við hann. Það sé því erfitt að finna einhvern stað sem sé laus við hristing eða aðra náttúruvá.

„Skjálftarnir núna eru ekki stórir og ekki hættulegir þó þeir séu óþægilegir fyrir einhverja.“ benediktboas@frettabladid.is

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU!

SIGURVEGARI EUROPEAN CAR
OF THE YEAR AWARDS 2021



TOYOTA YARIS HYBRID ER BESTI BÍLLINN Í EVRÓPU 2021

Markmið ECOTY-verðlaunanna er að velja besta bíllinn
ár hvert, einn sigurvegara þvert á flokka.

Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1964.

Í nefndinni sátu 59 dómarafrá 22 löndum,
fjölmíðlafólk úr fremstu röð bílatímarita.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Hungursneyð meðal Inúíta í Alaska í kjölfar eldgoss í Lakagígum

VÍSINDI Eldgosið í Lakagígum árið 1783 olli hungursneyð meðal Inúíta í Alaska. Þetta kemur fram í rannsókn hinar bandarísku Julie Edwards, doktorsnema í landfræði við Arizonaháskóla, sem birt var í tímaritinu Journal of Geophysical Research.

Eldgosið og móðuharðindin sem fylgdu ollu gríðarlegu mannfalli og búsifjum á Íslandi. Nærri tíu þúsund manns létust hér og afleiðing-

arnar í Evrópu eru vel þekktar, það er uppskerubrestur og harðindi sem talin eru upptakturinn að frönsku byltingunni. Gosmökkurinn stoppaði ekki þar heldur breiddist út um allt norðurhvel jarðar.

Grunur hefur leikið á að gosið í Lakagígum hafi haft áhrif í Alaska í nokkurn tíma. Í munnmælasögum Inúíta er talað um „sumarið sem ekki kom“ árið eftir gosið, gríðarlega kulda, hungursneyð og mann-



Inúítar í Alaska. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Rannsóknin sýnir að hitastigið féll hratt síðsumars árið 1783.

fall á svipuðum tíma og gosið. Haldbær vísindaleg gögn hefur hins vegar skort þar til nú.

Edwards rannsakaði áhringi trjáa og hvernig hitastig hefur áhrif

á þau. Sumarið 1783 var vanalegt en síðsumars, það er seint í ágúst, lækkaði hitastigið mjög hratt. Rímar þetta vel við munnmælasögurnar.

Er rannsókn Edwards talin gefa góða innsýn í hvernig loftslagskerfi tengjast og hvaða áhrif beint sólarljós hefur á vistkerfið. Auk þess að kæla svæði getur öskumóða haft mikil áhrif á sólarorkuver sem reidda sig á beint sólarljós. - kth



Vesturgata. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Áforma mathöll á Vesturgötu 2

ÞJÓNUSTA Áform eru nú uppi um að breyta Vesturgötu 2 í mathöll. Í dag er Reykjavík Restaurant í húsinu en samkvæmt fyrirsögn Davíðs Pitt arkitekts til skipulagsstjóra Reykjavíkur stendur til að koma þar upp matarmarkaði og veitingaþjónustu, svokallaðri mathöll.

Samkvæmt fyrirsögn Davíðs yrði mathöllin með tíu til tólf básum í kjallara og á fyrstu og annarri hæð hússins. Skipulagsstjóri sem tók málið fyrir á föstudag segir ekki gera neinar skipulagslegar athugasemdir við breytinguna. - gar

Dæmdur í átta daga farbann

MANNDRÁP Maður var í gær dæmdur í átta daga farbann í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna rannsóknar lögreglunnar á manndrápi í Rauðagerði. Um er að ræða Litháa sem var handtekinn fyrstur allra vegna málsins, nóttina sem Armando Beqiarí var skotinn til bana fyrir utan heimili sitt.

Farbannið nær til 9. mars. Er úrskurðurinn á grundvelli rannsóknarhagsmuna að kröfu lögreglunnar. Segir í tilkynningu lögreglu að maðurinn hafi áður setið í gæsluvarðhaldi, sem átti að renna út næstkomandi miðvikudag. Sex eru enn í gæsluvarðhaldi vegna málsins og eru nú þrír í farbanni. - oæg

Inga vill valdefla fólkið sem sé orðið of háð kerfinu í Nuuk

Hinn hálfíslenski leiðtogi jafnaðarmanna í Nuuk, Inga Dóra Guðmundsdóttir Markussen, hyggst taka á húsnæðismálum og innleiða forvarnakerfi verði hún kjörin borgarstjóri. Faraldurinn hefur ekki bitið fast en landið er þó lokað. Frægt kaupboð Trumps vakti Dani til umhugsunar um stöðu Grænlands.

GRÆNLAND Kosningabaráttan í Grænlandi er að hefjast en þar fara fram bæði þingkosningar og sveitarstjórnarkosningar sama dag, þann 6. apríl. Inga Dóra Guðmundsdóttir Markussen leiðir framboð stjórnarflokksins Siumut til borgarstjórnar Nuuk, stærsta og fjölmennasta sveitarfélags landsins.

„Húsnæðisskorturinn er langstærsta málið hér,“ segir Inga Dóra sem er hálf íslensk, alin upp hér til tólf ára aldurs, og starfar sem verkefnastjóri hjá útgerðinni Royal Greenland. Hún segir að vissulega sé verið að byggja ný hús en það gangi allt of hægt, fólksfjöldun í Nuuk sé mjög mikil og mikið um að vera. Til að mynda sé bygging nýs flugvallar eitt af stærstu málunum í þingkosningunum. „Þrengslin eru mikil og leiguverðið rýkur upp úr öllu valdi.“

Siumut er jafnaðarmannaflokkur en í sveitarstjórn Nuuk hefur flokkurinn IA völdin, sem er lengra til vinstri. Gagnrýnir Inga IA fyrir að skipuleggja uppbygginguna ekki nægilega vel og nú hafi myndast flöskuháls vegna lóðaskorts.

Á Grænlandi er ekki skortur á störfum heldur þvert á móti. Hins vegar eru margir utan vinnumarkaðar vegna félagslegra vandamála. Inga Dóra telur þörf á að valdefla fólk og koma því til virkni. „Margir eru orðnir kerfisbundnir og bíða bara eftir því að sveitarfélagið geri hluti fyrir það. Flestir vilja standa á eigin fótum,“ segir hún.

Forvarnastarf sé mikilvægt og horfir Inga til Íslands í þeim efnum, hins svokallaða íslenska móðels þar sem hugað er að öllum þáttum í lífi



Í Nuuk á Grænlandi búa nú í fyrsta skipti yfir 15 þúsund manns samkvæmt nýjustu tölum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Orð Trumps voru okkar Eyjafjallajökull.

Inga Dóra Guðmundsdóttir Markussen, leiðtogi Siumut í Nuuk



barna, það er fjölskyldu, skóla, og fjölbreyttu íþrótt- og tómstundastarfi.

„Hér eru margar fjölskyldur sem eiga bág og mikil meðvirkni í gangi. Við þurfum sterkara félagslegt kerfi til að koma fólki í meðferðir og þess

hátta,“ segir Inga sem kveðst ætla að innleiða íslenska módelið í Nuuk verði hún kjörin borgarstjóri.

Grænland hefur sloppið býsna vel við heimsfaraldurinn og aðeins 30 tilfelli komið þar upp, hið síðasta fyrir mánuði. Samkomutakmarkanir eru í gildi, hálfur leyfilegur hámarksfjöldi, en engin grímskylda. Landamærin eru hins vegar lokað og nýlega hefur verið opnað fyrir að fólk ferðist milli héraða til að fara á mót, til dæmis í íþróttum.

Sjálfstæðismál hafa oft verið í deiglu í grænlandskum stjórnmálum en Inga Dóra segir þau ekki áberandi nú. Praktísk mál eins og flugvallarbyggingin og leyfi til námugraftar eru stóru málin í þingkosningabaráttunni.

Fyrir tæpum tveimur árum komst Grænland í heimspessuna er Donald Trump, þáverandi Bandaríkjaforseti, sagðist vilja kaupa landið af Dönum. Inga Dóra segir þetta hafa verið „flott moment“ fyrir Grænland og vakið áhuga fólks á landinu og aukið ferðamannastrauminn. „Orð Trumps voru okkar Eyjafjallajökull,“ segir hún kím.

Annað sem Trump gerði var að vekja Dani til umhugsunar. „Þetta hafði áhrif á sýn Dana á Grænland. Það er að þeir telja sig þurfa að taka Grænlandinga meira inn í mörkun utanríkisstefnunnar,“ segir hún. „Við Grænlandingar fengum líka meira sjálfstraust þó að við höfum vitað lengi að lega landsins sé mikilvæg.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

ÍS BAND ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA

UMBOÐSAÐILI

Jeep



RAM



VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

FIAT HÚSBÍLAR - ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



SMURÞJÓNUSTA

IS BAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00



Nú er framtalið þitt opið til staðfestingar

Skilafrestur er til 12. mars

Skilafrestur

Þann 1. mars nk. opnar fyrir framtalsskil einstaklinga en skilafrestur er til 12. mars. Ekki er hægt að sækja um frekari frest. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Upplýsingar á framtali

Framtalið er aðgengilegt með forskráðum upplýsingum og því er skilað í gegnum þjónustuvef Skattsins **skattur.is** þar sem þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum eða veflykli.

Áriðandi er að fara yfir forskráðar upplýsingar og athuga hvort einhverjar upplýsingar vanti.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum eða veflykli Skattsins. Rafræn skilríki getur þú nálgast í þínum banka eða hjá Auðkenni. Veflykillinn er gefinn út af Skattinum og getur þú sótt hann á innskráningarsíðu þjónustuvefsins, **skattur.is**.

Framtalsaðstoð

Þurfir þú frekari upplýsingar er hægt að nálgast þær á heimasíðu og þjónustusíðu Skattsins. Eins er hægt að hringja í síma 442-1414, mánudaga til föstudaga frá kl. 9:00 til 15:30, eða senda okkur tölvupóst á **framtal@skatturinn.is**.

Í framtalsfresti verður hægt að panta símtal á vefsíðu okkar **skatturinn.is og við hringjum í þig!**



framtal@skatturinn.is



442 1414

Traust foreldra barna í Fossvogsskóla til borgarinnar sagt brostið

SKÓLAMÁL „Á sama tíma eru börn að veikjast, að öllum líkindum vegna þess að þeim er gert að stunda nám í menguðu húsnæði,“ segir í yfirlýsingu foreldra barna í Fossvogsskóla.

Foreldrarnir segja alvarlegt að þeim hafi ekki verið greint frá því tafarlaust að skaðlegar sveppategundir finnist víða í skólanum. Niðurstöður Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og minnisblöð frá Verkis sýni að víða í skólanum séu varasamar sveppategundir. Þær upplýs-

ingar hafi legið fyrir í desember 2020 en ekki verið birtar á vefborgarinnar fyrir en í lok febrúar 2021. Þær hafi ekki verið kynntar fyrir foreldrum og heildarskýrsla ekki verið birt.

Í niðurstöðunum kemur fram að mikið af heilsuspillandi myglugróm hafi fundust víða um skólann. Af 14 sýnum fundust gró kúlustrýnebbu í að minnsta kosti 11 sýnum og gró litafruggu í að minnsta kosti níu sýnum. Báðar tegundir eru mjög skaðlegar heilsu.



Frá fundi 2019 er myglan komst fyrst í fréttirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í yfirliti frá NÍ sem birt var á vef Reykjavíkurborgar 26. febrúar 2021 kemur enn fremur fram að litafrugga framleiddi sveppaeiturefni sem eru meðal eitruðustu efna sem til eru og geta verið ákaflega krabbameinsvaldandi.

„Við minnum á að Reykjavíkurborg þverskallaðist lengi við að láta ofangreinda sýnatöku fara fram og hélt því jafnvel fram að Verkis væri andvíg slíkri sýnatöku. Sýnataka leiddi síðan í ljós að þrátt fyrir ítar-

leg þrif og sótthreinsun er gró og mengun af völdum þessara myglutegunda enn til staðar í skólanum,“ segja foreldrarnir.

„Traust foreldra til borgarinnar er brostið. Við förum fram á að skóla- og frístundaráð og umhverfis- og skipulagsráð setji heilsu barna og starfsfólks í forgang og beiti sér fyrir því að fundin verði varanleg lausn á mengunarfandi í Fossvogsskóla,“ segja foreldrarnir í yfirlýsingu sinni. – bb



Togara og hafrannsóknaskip gera stofnmælingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þriggja vikna togaraull hafið

FISKVEIÐAR Fjögur skip, togararnir Breki VE og Gullver NS ásamt rannsóknaskipunum Arna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni héldu á miðin í gær er stofnmæling botnfiska hófst. Verkefnið stendur næstu þrjár vikurnar. Togað verður á tæplega 600 stöðvum á 20 til 500 metra dýpi umhverfis landið.

Marsrall eða togaraull hefur farið fram með sambærilegum hætti á hverju ári síðan 1985, segir í frétt Hafrannsóknastofnunar.

Markmiðið er að fylgjast með breytingum á stofnstærðum, aldri, fæðu, ástandi og útbreiðslu botnfisktegunda við landið. – bb

Reyndist vera með mótefni

COVID-19 Í gær voru þrettán með virkt COVID-19 smit hér á landi og aðeins fjórir í sóttkvi.

Eitt nýtt innanlandssmit greindist utan sóttkviar en viðkomandi reyndist vera með mótefni og var því ekki með virkt smit.

Fyrir daginn í gær höfðu 12.600 manns lokið bólusetningu en tæplega níu þúsund manns víða um land verða bólusett í vikunni. Í vikunni munu 8.900 einstaklingar fá sinn fyrsta skammt af bóluefninu.

Þá verða starfsmenn hjúkrunar- og dvalarheimila bólusettir síðar í vikunni. – bdj, la

SÁÁ enn tengt Íslandsspilum

Einar Hermannsson, formaður SÁÁ, segir pappírsvinnu tefta slit SÁÁ við Íslandsspil. Segir ánægju meðal almennings um þá ákvörðun að draga SÁÁ út úr rekstri spilakassa. Spilakort sé ekki lausn á spilafíkn.

SAMFÉLAG „Við erum að nafninu til komin út úr þessu en pappírsvinnan hefur tekið lengri tíma en okkur finnst eðlilegt. Þannig að við erum stöðugt að reka á eftir því,“ segir Einar Hermannsson, formaður SÁÁ, um stöðu samtakanna í tengslum við rekstur spilakassa.

SÁÁ dró sig nýlega út úr samstarfi við Íslandsspil, annað tveggja fyrirtækja sem reka spilakassa hér á landi, hitt er Happpdrætti Háskólans. SÁÁ á 9,5 prósent hlut í Íslandsspilum, Rauði krossinn 64 prósent og Landsbjörg á 26,5 prósent hlut.

Aðspurður um ástæðu þess hve langan tíma tekur að ganga frá slitum við Íslandsspil segir Einar ferlið stoppa á pappírsvinnunni.

„Mér skilst það á stjórn Íslandsspila að þetta stoppi á Juris lögfræðistofu og að þau hafi verið lengi að búa til þessa pappíra,“ segir Einar sem kveðst hafa fundið fyrir mikilli ánægju meðal almennings með þá ákvörðun samtakanna að draga sig út úr rekstri spilakassanna og að sjálfsafsláfi SÁÁ hafi aukist eftir að tilkynnt var um ákvörðunina

„Það er þó erfitt að segja hversu marktækt það er, sérstaklega núna á þessum COVID-tímum, en við finnum fyrir miklum meðbyr,“ segir Einar.

Hann segir að aukning á sjálfsafsláfi tengist því ekki endilega beint að fólk sé að styrkja SÁÁ á annan hátt en í gegnum spilakassa.

„Ég held að það hafi aldrei verið meiningin hjá þeim sem styrktu okkur í gegnum spilakassana að styrkja okkur eitthvað sérstaklega. Fólk er sem er að spila í þessum kössum marktækt er veikt fólk og það var bara að svala sinni fíkn en ekki styrkja okkur eða önnur göðgerðarsamtök,“ segir Einar.

Samtök áhugafólks um spila-



Hefði SÁÁ ekki dregið sig úr rekstri spilakassanna hefði hagnaðurinn líklega verið 34 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég held að það hafi aldrei verið meiningin hjá þeim sem styrktu okkur í gegnum spilakassana að styrkja okkur sérstaklega.

Einar Hermannsson, formaður SÁÁ



fíkn (SÁS) hafa kallað eftir því að spilakössum á Íslandi verði lokað og hefur fjöldi fólks deilt sögum sínum um spilafíkn og þá neyð sem

hún skapar undanfarnar vikur. Rauði krossinn og Landsbjörg hafa svarað því kalli með umræðu um spilakort sem virka þannig að spilarar spili með fyrirframgreiddum spilakortum. Þannig megi stjórna betur þeim fjárhæðum sem spilað sé fyrir.

Einar segist upphaflega hafa verið á sömu skoðun og Rauði krossinn og Landsbjörg hvað spilakortin varði. „Eftir fund með nokkrum aðilum fyrir því í samfélaginu að fara þessa leið og það er ástæðan fyrir því að við förum út úr þessu,“ segir Einar.

Spurður að því hvort líkur séu á að fólk með spilafíkn finni leið til að fara fram hjá þeim takmörkunum

sem eiga að felast í spilakortunum segir Einar miklar líkur á því. „En þetta er engu að síður skaðaminnkandi úrræði þrátt fyrir að það komi ekki í veg fyrir ofneyslu í spilamennsku.“

Þá segir Einar umræðu um að einstaklingar sem stundi spilakassa færi sig yfir í fjárhættuspil á netinu verði kössunum lokað ekki eiga við rök að styðjast. „Það er bara ekki rétt og það er ekki um sama hóp að ræða,“ segir hann.

„Maður heyrir ótrúlegar sögur um að fólk bara hætti spilamennskunni ef það kemst ekki í kassana. Fíknin virðist ekki vera jafn sterk fyrir netspilun og fyrir spilakössum.“ birnadrofn@frettabladid.is

FASTEIGNASALAN
TORG

Kraftur, traust
og árangur



Hringdu
núna
520 9595

Stóri bróðir er á leiðinni.

Nýr og endurbættur

Þess vegna bjóðum við Wizar
hægindastólinn sem Íslendingar
elska nú með **20% afslætti**.



20%
afsláttur

Verð frá

169.920 kr.

Verð áður 209.900 kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

Í apríl 2021 frumsýnum við nýjan
hægindastól, stóra bróðir Wizar.
Stól sem mun gleðja Íslendinga um
ókominn ár.

Fyrir lífsins ljúfu stundir.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Banna notkun á AstraZeneca fyrir aldraða

AUSTURRIKI Austurrísk stjórnvöld ákváðu í gær að hætta að nota bóluefni AstraZeneca á aldraða, fimm dögum eftir að samþykkt var að nota bóluefnið á íbúa landsins yfir 65 ára, þvert á áætlanir nágrannaríkja.

Heilbrigðisráðuneytið í Austurríki sagði að ákvörðunin hefði verið endurskoðuð eftir að hafa skoðað gögn um áhrifbóluefnisins betur.

Ákvörðunin var tekin aðeins degi eftir að stjórnvöld í Þýskalandi voru hvött til að breyta um stefnu og bólusetja einstaklinga eldri en 65 ára með bóluefni frá AstraZeneca.

Þjóðverjar hafa aðeins notað 25 prósent af því bóluefni AstraZeneca sem ríkinu var úthlutað og Frakkland 21 prósent. Fyrir viknið hefur verið kallað eftir því að bóluefnið verði notað í auknum mæli fyrir alla aldurshópa. – kpt



Sarkozy á leiðinni í réttarsal í gær.

Sarkozy líklega í stofufangelsi

FRAKKLAND Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands á árunum 2007 til 2012, var í gær dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar, þar af eru tvö ár skilorðsbundin. Með því varð Sarkozy annar fyrrverandi forsetinn í sögu Frakklands sem er kærður fyrir embættisbrot í starfi, á eftir forvera hans, Jacques Chirac, sem var kærður fyrir embættisbrot í starfi borgarstjóra Parísar.

Sarkozy var sakaður um spillingu fyrir að hafa boðið dómara starf í Mónakó í skiptum fyrir upplýsingar um sakamálarannsókn á stjórnmálaflokkki Sarkozy. Hann hefur tíu daga til að áfrýja málinu en getur einnig óskað eftir því að taka dóminn út í stofufangelsi með öklaband.

Dómstólar í Frakklandi eiga enn eftir að taka fyrir mál þar sem Sarkozy er ásakaður um að hafa þegið milljónir evra frá Muammar Gaddafi, fyrrverandi forseta Líbíu, að þiggja mútur í ráðgjafarstarfi í Rússlandi og að hafa farið fram úr sér í eyðslu í kosningabaráttu árið 2012. – kpt

Frakkar fundu geislavirkni í sandkornunum sem komu yfir hafið

FRAKKLAND Ummerki um geislavirku samsætuna Caesium-137 sem myndast aðallega við kjarnaklofnun fannst í sýni sem tekið var í byrjun febrúar í Frakklandi.

Talið er að efnið hafi borist til Frakklands með vindum frá Saharaeyðimörkinni en þann 6. febrúar síðastliðinn var himinninn í Frakklandi víða appelsínugulur af völdum sandfoks frá eyðimörkinni.

ACRO, samtök sem mæla geislavirkni, tóku sýni þar sem vísinda-



Sólarlag í Nice. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Caesium finnst í sandkornum sem koma yfir til Frakklands frá Sahara.

menn fundu Caesium-137 í sandkornunum sem skiluðu sér yfir hafið. Í sömu rannsókn er það ályktað að geislarykið megi rekja aftur til sjöunda áratugarins þegar Frakkar gerðu tilraunir með kjarn-

orkuvopn í eyðimörkinni.

Samkvæmt mælingunni fundust 0,08 becquerel, sem er mælikvarði geislavirkni, á hvern fermetra í sýninu. Fyrir viknið er ekki talið að rykið sé skaðlegt íbúum Frakklands en það gæti tekið áratugi að leysast upp.

Frakkar færðu rannsóknir sínar síðar til Frönsku Pólýnesíu en þegar tilraunum með kjarnorkuvopn var hætt árið 1996 hafði Frakkland gert 210 slíkar tilraunir. – kpt

Ný afbrigði af veirunni farin að valda usla í Bandaríkjunum

Forstöðumaður Sóttvarnastofnunar Bandaríkjanna hefur áhyggjur af áhrifum nýrra afbrigða kórónaveirunnar og að góður árangur undanfarinna vikna gæti orðið til einskis. Aukning var á nýjum tilfellum á milli vikna í fyrsta sinn í langan tíma í síðustu viku en stjórnvöld binda vonir við nýtt bóluefni.

COVID-19 „Vinsamlegast takið eftir og hlustið. Á þessum tímamarki, þegar tilfellum fer fjölgandi og sífellt ný afbrigði líta dagsins ljós, þá eru líkur á því að gott starf sem unnið hefur verið til að stöðva útbreiðslu kórónaveirufaraldursins verði til einskis,“ sagði dr. Rochelle Walensky, forstöðumaður Sóttvarnastofnunar Bandaríkjanna, ómyrk í máli þegar hún ræddi nýjustu tölur kórónaveirufaraldursins í Bandaríkjunum. Eftir að tilfellum smits hafði farið fækkandi undanfarnar vikur fjölgaði tilfellum í Bandaríkjunum í síðustu viku um tvö prósent. Um leið varð einnig tveggja prósentu aukning á dauðsföllum.

Þessar fréttir haldast í hendur við nýjustu tölur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, sem sagði að smit hefði aukist á heimsvísu í síðustu viku eftir góðan árangur vikunnar þar áður.

Fyrir í vetur fundust fyrstu tilfellin af B.1.1.7-afbrigði veirunnar, sem rekja má til Bretlands, í Bandaríkjunum og á Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna von á því að afbrigðið nái mikilli útbreiðslu í landinu á næstu vikum.

Fyrir viknið er lögd meiri áhersla á að ná að bólusetja meginþorra þjóðarinnar og var tekið stórt skref í átt að því í gær þegar gefið var leyfi fyrir notkun bóluefnis Johnson & Johnson í Bandaríkjunum. Það er þriðja bóluefnið sem fær markaðsleyfi í Bandaríkjunum á eftir Pfizer og Moderna. Bóluefni Johnson & Johnson þykir ekki veita sömu vernd og bóluefni Pfizer og Moderna en hefur það fram yfir



Það er ekkert flóknara að fá bóluefni en að panta úr sjoppulúgu viðs vegar í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

önnur bóluefni að aðeins þarf einn skammt af því.


Von er á að 3,9 milljónir verði bólusettar með nýja bóluefninu á næstu dögum og hefur bóluefnið sýnt virkni gegn suðurafrika afbrigðinu af veirunni.

Þegar rúmlega eitt ár er liðið frá fyrsta dauðsfallinu af völdum kórónaveirunnar í Bandaríkjunum hafa rúmlega fimm hundruð þúsund látist af hennar völdum þar í landi. Tæplega fimmta hvert dauðsfall af völdum veirunnar á heimsvísu hefur því orðið í Bandaríkjunum.

Aðeins er tímaspursmál hvenær Bandaríkin verða fyrst allra þjóða

Ég biðla til fólks að halda tryggð við leiðbeiningarnar sem við höfum gefið út.

Rochelle Walensky, forstöðumaður sóttvarnastofnunar Bandaríkjanna



til að staðfesta þrjátíu milljónir tilfella af kórónaveirunni. Rúmlega fjórðungur allra tilfella á heimsvísu hefur verið í Bandaríkjunum

en undanfarnar vikur hafa sífellt fleiri fylki dregið úr samkomutakmörkunum.

„Ég hef miklar áhyggjur af því að sífellt fleiri fylki kjósa að létta á samkomutakmörkunum sem hafa skilað góðum árangri undanfarnar vikur og komið í veg fyrir frekari útbreiðslu veirunnar. Ég biðla til fólks að halda tryggð við leiðbeiningarnar sem við höfum gefið út. Halda áfram grimunotkun og öðrum aðgerðum sem við höfum hvatt fólk til að halda sig við meðan við vinnum að hjarðónæmi,“ sagði Rochelle enn fremur.

kristinnpall@frettabladid.is

APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00
Opið 10.00 - 22.00
Opið 8.30 - 18.00

Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

MEIRI
HAMINGJU
Í LÍFIÐ!



Skjálftavaktin



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Lokuð landamæri, grimuklæddir einstaklingar og yfir tíu þúsund jarðskjálftar á innan við viku. Þetta hljómar meira eins og söguþráður í bók eftir Sigríði Hagalín en blákaldur raunveruleiki Íslendinga í nútíð. En við erum nú líklega meðvitadri en áður um að raunveruleikinn er glettilega fljótur að breytast.

Það er ekki langt síðan okkur hefði þótt ómögulegt að ímynda okkur það sem í dag er orðið staðreynd. Eðlilegt er ekki orðið sem ég myndi nota um skert ferðafrelsi, fjöldatakmarkanir og grimunotkun en staðreynd er það.

Nú hefur jörð hér á suðvesturhorninu skolfið með reglulegu millibili í tæpa viku og eru skjálftasérfræðingar álika útbreiddir og sóttvarnasérfræðingarnir og ágiskanir um stærðir skjálfta orðnar vinsæl dægradvöl á heimilum.

Segja má að fréttir úreldist óvenju fljótt þessa dagana en á meðan RÚV segir fyrstu frétt af skjálftavirkni hristist jörð á ný. Líklega bætast svo þúsund skjálftar í hrinuna áður en þessi orð ná inn á heimili landsmanna.

Þó svo að um sé að ræða óvenju langa skjálftahrinu og nýjustu gervitunglamælingar gefi ástæðu til frekari skoðunar á möguleikanum á gosi, virðist ekki ástæða til að óttast. Jafnvel þó eðlileg ónot fari um fólk í aðstæðum sem ekki verður ráðið við þá myndi hraun frá slíku gosi ekki hafa áhrif á byggð.

Segja má að við séum í ákveðnum hamfaragir, það hefur mikið gengið á og fátt kemur lengur á óvart. Því kippti maður sér ekki svo upp við að hlýða á Dag B. Eggertsson, borgarstjóra og formann almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, ræða mögulega rýmingu höfuðborgarsvæðisins í morgunútvarpi Rásar 2 í gær.

En eins og formaðurinn sjálfur sagði eru líkurnar á slíku hverfandi því jafnvel þó að eldgos yrði eru líkur á hraunflóði innan borgarinnar litlar sem engar.

Þó svo við lifum nú undarlega tíma og mörgum líði illa yfir sóttvarnaaðgerðum og titrandi jörð veki hjá sumum óhug megum við vel við una. Hér höfum við náð betri tókum á COVID-faraldrinum en nágrannaríkin, takmarkanir eru á undanhaldi og þó skjálftarnir séu margir þá erum við vel undirbúin. Byggingarreglugerðir hér á landi eru strangar af ástæðu og húsakostur okkar þannig byggður til að þola jarðskjálfta. Almannahvarfanefnd er svo líka í góðri fundaðingu.

Svo rétt á meðan þessi visindaskáldsaga heldur áfram að þróast er fátt annað að gera en að fjarlægja lausa muni úr hillum og fara varlega við brattar hlíðar þar sem grjóteða snjóhrun getur orðið.

Halldór



Frá degi til dags

Kæra dagbók

Dagbókarfærsla lögreglunnar frá morgni aðfangadags er nú aftur í brennidepli þar sem dómsmálaráðherra hringdi tvicegis í lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu á aðfangadag. Hvorki til þess að óska gleðilegra jóla né koma á framfæri leiðréttingu til dagbókarritara lögreglu um að ráðherrar eru „hæstvirtir“ en ekki „háttvirtir“, heldur til þess að kynna sér almennt verklag við dagbókarskrifin. Sitt sýnist hverjum um jólahringingar ráðherra og líklega eru þeir færri Íslendingarnir sem búið er að bólusetja en þeir sem hafa tjáð sig um málið á samfélagsmiðlum.

Eftirskjálftar

Eftirskjálftar Þorlákssmessu-úréttinga fjármálaráðherra mældust þannig enn á Facebook í gær þar sem Sósíalístinn Gunnar Smári Egilsson fullyrta að viðast væri ráðherra búin að segja af sér vegna jólahringinganna og hvergi annars staðar en á Íslandi væri tekið mark því að um jólin hafi ráðherra „þurft að fá útskýringar á því hvernig löggangengur frá færslum á Facebook“. Allir viti að slíkt komi ráðherra ekki við. Illugi Jökulsson sá málið í viðara samhengi á samfélagsmiðlinum og vildi rekja 90 prósent „íslenskra skandala í pólitík“ til Sjálfstæðisflokksins sem hann telur þjóðþrifamál að losna við.

toti@frettabladid.is

Óréttlæti og lögleysa



Sigurjón Arnórsson framkvæmdastjóri Flokks fólksins

Í október 2016 samþykkti Alþingi lög um breytingar á almannatryggingakerfinu en vegna mistaka við gerð lagafrumvarpsins var afnumin heimild til skerðinga ellilífeyris vegna lífeyristekna. Engu að síður hélt Tryggingastofnun ríkisins áfram að skerða ellilífeyri vegna lífeyrissparnaðar. Þegar ríkisstjórnin áttaði sig á þessum „mistökum“ hefði hún átt að biðja eldri borgara afsökunar og endurgreiða þeim þann pening sem var ólöglega tekinn af þeim. En það gerði hún ekki.

Í stað þess að fylgja eigin lögum, voru ný lög sett, til að réttlæta þessar skerðingar afturvirk. Maður þarf ekki að vera lærður lögfræðingur til þess að átta sig á því að það er vafasamt þegar sett eru afturvirk lög sem eiga að réttlæta ólöglega upptöku eigna. Afgreiðsla ríkisstjórnarinnar á þessu máli er aðeins eitt af mörgum dæmum um það hvernig aldraðir hafa þurft að búa við óréttlæti og lögleysu.

Flokkur fólksins fór í mál gegn ríkinu fyrir hönd ellilífeyrisþega og hófst þá barátta sem tók nokkur ár. Ríkisstjórnin barðist með kjafti og klóm gegn þessu réttlætismáli. En réttlætið sigraði á lokum og þann 31. maí 2019 staðfesti Landsréttur að ríkið hefði brotið gegn eldri borgurum með því að skerða greiðslur til þeirra með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf og sá dómur var staðfestur af Hæstarétti 9. júlí 2019. Niðurstaðan í þessu máli varð til þess að ríkið greiddi 32.000 eldri borgurum um sjö milljarða króna með vöxtum.

Þessi sigur markaði sin spor í umræðum á Alþingi. Í kjölfarið þurfti ríkisstjórnin að taka tillit til þessara auknu fjárútláta ríkissjóðs í fjárlögum. Formaður Flokks fólksins gaf félags- og barnamálaráðherra tækifæri til þess að biðja eldri borgara afsökunar á þessu lögbroti. Því miður voru viðbrögð hans langt frá afsökunarbeiðni, hann valdi þess í stað að gagnrýna niðurstöðuna og sagði að hann hefði gjarnan viljað nota þessa peninga í einhver önnur og verðugri verkefni. Peninga sem ríkið aflaði með ólöglegum skerðingum á greiðslum til ellilífeyrisþega.



Þó svo við lifum nú undarlega tíma og mörgum líði illa yfir sóttvarnaaðgerðum og titrandi jörð veki hjá sumum óhug megum við vel við una.

OPÍÐ KL. 10 - 21 ALLA DAGA

BÓKA MARKAÐURINN

Laugardalsvelli

25. FEBRÚAR - 14. MARS

Safnaðu karlinn, safnaðu!



Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins

Mottumars er hafinn og eftir fimm ára hlé er Mottu-keppnin endurvakin. Nú er tækifærið til að leyfa mottunni að njóta sín þegar gríman er felld.

Mottumars er í senn fjóröflunaráttak Krabbameinsfélagsins og vitundarvakning um krabbamein hjá körlum.

Að meðaltali greinast 859 karlar á ári með krabbamein, meira en tveir alla daga ársins. Fjöldinn samsvavar um það bil öllum fullorðnum körlum á Ísafirði.

Í árslok 2019 voru 7.110 karlar á lífi sem höfðu fengið krabbamein, margir læknaðir og frískir en aðrir ýmist í meðferð við sjúkdómnum eða að kljást við margvíslega fylgikvilla sjúkdóms eða meðferðar. Krabbamein eru sem betur fer fyrst og fremst sjúkdómar fullorðinna en meðalmaðurinn sem greinist með krabbamein er ýmist nýhættur að vinna eða farinn að huga að starfslokum, svo hjá mörgum verða miklar sviptingar í lífinu á svipudum tíma.

Algengasta krabbameinið hjá körlum er krabbamein í blöðruhálskirtli sem greinist oftast hjá mönnum á aldursbilinu frá 60 til 79 ára. Næstalgengust eru krabbamein í ristli og endaparmi sem greinast flest hjá körlum eldri en 50 ára og þriðju algengustu krabbameinin eru krabbamein í lungum sem greinast flest hjá körlum eldri en 55 ára. Þó meðalaldur karla sem greinast með krabbamein sé 68 ár eru árlega tæplega 200 þeirra sem greinast yngri en 60 ára, næstum fjórir í hverri viku.

Mottumars hefur í gegnum tíðina sannað gildi sitt sem mikilvæg vitundarvakning og með áttakinu hafa margir lært hver möguleg



Að meðaltali greinast 859 karlar á ári með krabbamein, meira en tveir alla daga ársins. Fjöldinn samsvavar um það bil öllum fullorðnum körlum á Ísafirði.

einkenni krabbameina eru og margir drifið sig til læknis eftir að hafa fengið skýr skilaboð þar um. Margir karlar hafa líka fundið fyrir miklum stuðningi með áttakinu eða tekið hvatningunni um að styðja félagana enn betur, fagnandi. Þar fyrir utan hafa skilaboð um hvað hægt er að gera til að draga úr líkum á því að fá krabbamein fest sig í sessi hjá körlum á öllum aldri með hinum sigildu Mottumarslögum.

Áttakinu í ár fylgir ekkert lag. Nú er hins vegar lag að taka þátt í mottu-keppninni! Það geta allir gert, sumir með því að safna mottu og aðrir með áheimum. Áttakið er líka hægt að styrkja með því að kaupa hina löngu klassisku Mottumarssockka. Krabbameinsfélagið og aðildarfélag þess um allt land vinna að því að koma í veg fyrir krabbamein hjá körlum, koma í veg fyrir dauðsföll af völdum krabbameina og stuðla að betra lífi fyrir þá og fjölskyldur þeirra. Hver og einn karlmaður skiptir máli.

Í Mottumars leggja landsmenn Krabbameinsfélaginu lið í starfi sem er alfarið borið uppi af söfnunarfé. Með stuðningi sínum tryggir almenningur öflugra ráðgjöf fyrir sjúklinga og aðstandendur um allt land, fjölbreytt fræðslu- og forvarnarstarf, rannsóknir og hagsmunagæslu á vegum félagsins.

Kynnið ykkur sérsníðnar upplýsingar fyrir karla um krabbamein inni á karlaklefinn.is og skráið ykkur í keppnina á mottumars.is – Einn fyrir alla, allir fyrir einn!

Styrkurinn sem styrkti mig



Rannveig Ernudóttir varaborgarfulltrúi Pírata í Reykjavík

Reykjavíkurborg styrkti mig til náms þegar ég var ungmenni. Þessi stuðningur varð til þess að ég átti eftir að fara í háskóla og eiga tækifæri á öðru lífi en ég taldi bíða mín þegar ég var barn og unglíngur. Á þessum tíma var ég einstæð móðir og vissi eiginlega ekkert hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór. Í dag er ég langskólagengin, í starfi sem ég elska og fjölskyldan hefur stækkað og stækkað. Svo er ég líka í stjórn-málum, í bili, þar sem ég hef fengið að hafa áhrif á eitt af hugðarefnum mínum, fjárhagsaðstoð til náms.

Miðvikudaginn 24. febrúar voru samþykktar í velferðarráði Reykjavíkurborgar uppfærðar reglur um fjárhagsaðstoð. Mikil vinna hefur farið í þessar breytingar og eiga þau öll sem stóðu að þessari vinnu hrós skilið. En hvað var að breytast?

18-24 ára aldurstakmarkið fyrir aðstoðinni er farið og nú er heimilt að veita hana til þeirra sem eru



Þessi litli vísir að grunninnkomu skilar sér nefnilega, jafnvel margfalt, aftur til samfélagsins.

í iðnnámi sem ekki er lánshæft. Ég hefði viljað sjá hærri styrk og rýmri reglur, til dæmis að ekki þurfi félagslega erfiðar aðstæður, heldur einfaldlega að þetta væri í boði fyrir alla. Enda geta svo fjölbreyttar aðstæður orðið til þess að fólk klárar ekki stúdents- eða iðnnám. En þetta er risastór áfangi.

Styrkurinn valdeflir einstaklinga og styður til sjálfshjálpar og virkni. Það er mikilvægt að efla þessa þætti því það vilja allir hafa hlutverk og tilgangi í lífinu og sínu nærsamfélagi. Þótt ég hafi sjálf þurft að streða meðfram þessari aðstoð veitti hún mér trú og tækifæri sem mér hefði annars ekki boðist. Af því að ég fékk þetta tækifæri þekki ég vel hvers vegna það virkar. Því vil ég að öll hafi aðgang að þessu tækifæri sem þurfa á að halda.

Þessi litli vísir að grunninnkomu skilar sér nefnilega, jafnvel margfalt, aftur til samfélagsins.

Aðalfundur Landsbankans 2021

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 17:00.

Drög að dagskrá

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Fyrirkomulag fundarins

Fundurinn verður haldinn í Austurstræti 11, Reykjavík. Í ljósi ákvæða reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar mælist bankaráð til þess að hluthafar mæti ekki á fundarstað. Formaður bankaráðs, bankastjóri og starfsfólk fundarins verður viðstatt á fundarstað.

Hluthafar sem vilja taka þátt í skriflegri atkvæðagreiðslu um tillögur á fundinum fyrirfram geta nálgast eyðublað á vefsíðu bankans, <http://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/>.

Til að greiða atkvæði skriflega þarf hluthafi að senda útfyllt eyðublað, undirritað, dagsett og vottað, á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 12:00 á fundardag, miðvikudaginn 24. mars 2021.

Hluthöfum gefst kostur á að fylgjast með fundinum, þ.m.t. atkvæðagreiðslu, í gegnum fjarfundabúnað. Hluthafar geta lagt fram fyrirspurnir vegna fundarins, komið á framfæri breytingartillögum eða sett fram óskir um að taka til máls með því að senda erindi á framangreint netfang, hvort sem er fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur. Leiðbeiningar um hvernig unnt er að fá aðgang að fundinum og senda inn slík erindi verða birtar á vefsíðu bankans, <http://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/>.

Aðrar upplýsingar

Hluthafi á rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 16:00, þriðjudaginn 9. mars 2021.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða gerð aðgengileg miðvikudaginn 10. mars 2021 á vefsíðu bankans, <http://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/>.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynningar um framboð til bankaráðs skal senda á framangreint netfang fyrir kl. 17:00, föstudaginn 19. mars 2021. Upplýsingar um framboðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á framangreindri vefsíðu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

Reykjavík, 2. mars 2021.
Bankaráð Landsbankans hf.



Akureyringurinn Katla Margrét.

Katla vann sitt fyrsta FIS-mót

SKÍÐI Keppni hélt áfram á alþjóðlegri FIS-mótaröðinni á skíðum í Abetone á Ítalíu um síðustu helgi. Yfir 100 keppendur voru skráðir til leiks en Katla Björg Dagbjartsdóttir gerði sér lítið fyrir og vann vinnmót mótsins. Er þetta í fyrsta sinn sem hún sigrar á alþjóðlegu FIS-móti á erlendri grundu og í annað sinn sem hún nær á verðlaunapall.

Katla Björg fékk 62.74 FIS-stig sem eru hennar næst bestu á ferlinum og mun hún bæta stöðu sína á heimslistanum næst þegar hann verður gefinn út.

Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir átti einnig flott mót og endaði í fimmta sæti og fékk 74.44 FIS-stig. Friða Kristín Jónsdóttir endaði í 46. sæti en Hjördis Birna Ingvadóttir náði ekki að ljúka seinni ferð.

Næstu tvo daga fara fram tvö stórvagnmót á sama stað. – hó

Fjölnir fékk góðan liðsstyrk

KÖRFUBOLTI Kvinnalið Fjölnis í körfubolta fær góðan liðsstyrk fyrir lokaspert leiktidarinnar. Grafarvogsfélagið tilkynnti í gær að landsliðskonan Sigrún Björg Ólafsdóttir muni leika með liðinu þegar hún hefur lokið tímabilinu hjá Chattanooga Mocs í bandaríska háskólaboltanum.

Sigrún Björg, sem er nítján ára gömul var einn af lykilleikmönnum Hauka þegar liðið varð Íslandsmeistari árið 2018. Þá á hún á að baki sjö A-landsleiki og fjölda leikja með yngri landsliðum. Hún hefur leikið vel með Chattanooga í vetur.

Fjölnir, sem er nýliði í efstu deild á yfirstandandi leiktíð er eins og sakir standa í fjórða sæti deildarinnar með 12 stig úr ellefu leikjum. Skallagrímur andar ofan í hálsmálið á Fjölni í baráttunni um sæti í úrslitakeppni deildarinnar. – hó

Niðurstaðan olli vonbrigðum

E. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, segir niðurstöðuna úr kosningum um framtíðar mótafyrirkomuleg efstu deildar karla á ársþingi KSÍ hafa verið slæma fyrir íslenska knattspyrnu.

FÓTBOLTI Ársþing Knattspyrnusambands Íslands fór fram um nýliðna helgi en helsta hitamálið á þinginu var kosning um framtíðar-fyrirkomuleg mót í efstu deild karla í knattspyrnu. Þar var að lokum kosið um tvær tillögur, annars vegar tillögu Fram um að fjölga liðum í efstu deild í 14, og hins vegar tillögu starfshóps á vegum KSÍ um að setja á laggirnar úrslitakeppni efri og neðri hluta 12 liða deildar.

Í aðdraganda ársþingsins voru alls fjórar tillögur sem stöðu til boða en á síðustu stundu ákváðu ÍA og Fylkir að draga tillögur sínar til baka. Eftir stóð tillaga KSÍ um að halda 12 liða deild en bæta við úrslitakeppninni annars vegar og tillaga Fram um að taka upp 14 liða efstu deild og leika tvöfalda umferð.

Báðum tillögnum var hafnað og þar af leiðandi mun áfram vera leikin tvöföld umferð í 12 liða deild og sú hugmynd sem virtist vera samhljómur um fyrir þingið, að fjölga leikjum í efstu deild, náði ekki fram að ganga.

E. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, segir þessa niðurstöðu ekki vera til heilla fyrir íslenska knattspyrnu og það hamli eðlilegri framþróun og vexti að ekki hafi náðst sátt um að fjölga leikjum milli bestu liða Íslands hverju sinni og liða á svipuðu getustigi. Þetta verði til þess að íslensk knattspyrna muni spóla áfram í sömu hjólförnum.

„Þetta eru mikil vonbrigði að mínu mati, því er ekki að leynd. Tillaga starfshóps KSÍ var ákveðin málamiðlun milli þeirra félaga sem eru í efstu deild og neðri deildanna. Af þeim sökum finnst mér það bagalegt að hún hafi ekki fengið brautargengi og þeim félögum sem vilja og hafa getu til að taka rökrétt skref í átt að atvinnumennsku sé haldið niðri.

Það er líklegt til þess að bæta íslenska knattspyrnu og bæta árangur í Evrópukeppni að fjölga leikjum milli bestu liða landsins. Þannig fáum við fleiri samkeppnishæfa leiki þar sem bestu leikmenn sem leika héraendis mætast og þeir bæta sig mest með því að mætast innbyrðis. Eins má segja að með



Börkur telur mikilvægt að fjölga leikjum til að liðin geti tekið framförum í Evrópukeppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mér finnst einsýnt að forráðamenn leiðandi félaga í íslenskrum knattspyrnu muni hittast á næstu dögum og ræða framhaldið.

E. Börkur Edvalds-son, formaður knattspyrnudeildar Vals



því að bæta deildina, bæta umgjörð, auka magn og gæði æfinga og gera hana sterkari þá séu auknar líkur á að ungir leikmenn fari héðan til betri liða erlendis en þeir gera í dag og bæti íslenska landsliðið um leið,” segir Börkur um stöðu mála.

Hann telur að það sé mikilvægt

að fjölga leikjum til að auka markaðsverðmæti deildarinnar þegar sest verður við samningaborðið um nýjan sjónvarpssamning.

„Það er slæmt að farið hafi verið á mis við það að fjölga gæðaleikjum í efstu deild sem gæti aukið markaðsverðmæti efstu deildar nú þegar gengið er til samninga um sjónvarpsréttinn til næstu ára. Það hefur sýnt sig í árangri íslenskra félagsliða síðustu ár í Evrópukeppnum að aðgerða er þörf og það er miður að engin skref hafi verið tekin í átt til þess að bæta samkeppnishæfni íslenskrar knattspyrnu á þessu ársþingi,” segir hann enn fremur.

„Ég held að það sé ljóst eftir þetta þing að sá sáttagrundvöllur sem þarf að vera og á að vera til staðar hjá félögnum sem eru innan íslensks toppfótbolta (félögin í efstu tveimur deildum karla og kvenna) er ekki til staðar og við því þurfi að

bregðast. Mér finnst það einsýnt að forráðamenn leiðandi félaga í íslenskrum knattspyrnu muni hittast á næstu dögum og ræða framhaldið.

Það kemur alveg til greina að mínu mati að fara aftur í það fyrirkomuleg sem var á hagsmunasamtökunum Íslenskum toppfótbolta þegar þau voru stofnuð, það er að stofna samtök sem gæta hagsmuna félaganna í efstu deild karla. Hagsmunir og framtíðarsýn flestra félaganna sem eru með lið í efstu deild í knattspyrnu eru ekki í takt við önnur félög og við því þarf að bregðast,” segir formaður Vals um næstu skref.

„Það kann ekki góðri lukku að stýra né getur talist eðlilegt að félög sem eru í neðri deildum stjórni því hvernig fyrirkomuleg sé í efstu deild þvert á vilja þeirra félaga sem þar leika,” segir hann um þá stöðu sem nú er uppi.

hjorvaro@frettabladid.is

NORÐLENSKA

Eldast fljótt

Það tekur aðeins örfáar mínútur að elda bollurnar frá Norðlenska. Njóttu tímans með börnunum, því þau eldast svo fljótt.



HEIMILI

FRÍÐJUDAGUR 2. MARS 2021

Heimili



Fríður og fjölskylda eru himinlifandi með nýja eldhúsið og alrýmið sem varð til með breytingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Getur jafnvel þurft að vaska upp í baðinu

Fríður Pétursdóttir og fjölskylda búa í Mosfellsbæ í húsinu sem Þorsteinn eiginmaður hennar fæddist í. Þau hafa farið í talsverðar framkvæmdir en nýverið færðu þau eldhúsið og bjuggu til nýtt alrými sem gjörbreytti heimilinu. ➔2

Íslensk hráefni
fyrir þína liðaheilsu



EYLIF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is



Panelveggurinn tónar vel við eldhúsið, bindur saman rýmið og býr til fallegan heildarsvip. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framhald af forsiðu →

Hjördís Erna
Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Friður og eiginmaður hennar Þorsteinn Guðmundsson keyptu húsið af foreldrum Þorsteins. „Foreldrar hans byggðu það í kringum 1975. Við bjuggum saman nokkur ár á Selfossi en ég er þaðan og svo fluttum við inn í húsið okkar í kringum 2008,“ segir hún. Á heimilinu búa þau hjónin ásamt fjórum börnum, hundum og ketti.

Mikil vinna en vel þess virði

Hjónin hafa staðið í ýmsum framkvæmdum. „Þegar við fluttum inn 2008, þurftum við að taka allt þakið í gegn, ásamt því að búa til halla á þakið á skúrnum sem var með flatt þak. Síðasta sumar stækkuðum við svo forstofuna ásamt því að skipta um alla glugga og hurðir á húsinu,“ segir Friður.

„Um síðustu áramót ákváðum við svo að láta langbráðan draum rætast og færa eldhúsið, en það



Eldhúsið er nú opið sem bæði opnaði rýmið og bjó til möguleika á aukaherbergi og heimaskrifstofu.

var aðskilið frá öðrum stöðum í húsinu og frekar þröngt eins og tíðkaðist á þeim tíma sem það var byggt. Við færðum það á svæði sem var teiknað upp sem borðstofa, en var í raun bara klaufalegt rými sem nýttist illa. Núna er eldhúsið hluti af alrými og tengir saman allt húsið. Plús að við fengum út úr þessu möguleika á aukaherbergi og heimaskrifstofu. Það var heilmikil vinna að færa rafmagn og vatn á nýjan stað, steypa upp í risaglugga en svo sannarlega þess virði.“

Næst á dagskrá var síðan að setja upp panel til þess að sameina rýmið enn betur. „Eftir að við klárðuðum eldhúsið langaði okkur að fá



Eplarauða Kitchenaid-vélin nýtur sín sérlega vel í eldhúsinu.


sams konar veggpanel og við vorum með á eldhúseyjunni og líka í kringum sjónvarpið til að tengja þessi svæði betur saman en þess þó að tapa skáapláss. Við vorum að klára þá breytingu um helgina.“

Eru einhverjar framkvæmdir fyrirhugaðar?

„Þegar maður er í þetta gömlu húsi er endalaust hægt að bæta og laga en næsta stóra verkefni verður sjálfsagt aðalbadherbergið. Við tókum það aðeins í gegn þegar við fluttum inn í kringum 2008, en bara eftir fjárhagnum þá og okkur langar að breyta því aftur. Við erum því byrjuð að spara fyrir því, það er á tveggja til þriggja ára planinu.“

Lumið þið á einhverjum ráðum fyrir fólk sem hyggst fara í framkvæmdir?

„Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þetta verður venjulega alltaf dýrara heldur en maður heldur, gera raunhæfa áætlun og vera duglegur að nýta afsláttardaga. Við spörðum heilmikið á að kaupa eldhústækin á Black Friday í nóvember og biða eftir að borðplatan sem okkur langaði í frá Steinþróði yrði efni mánaðarins og færi á 40% afslátt. Eins skiptir máli að vera raunhæfur í tíma-stjórnun, þetta tekur alltaf lengri tíma en maður heldur, húsið er



Borðplatan var keypt með útsjónarsemi og er mikil þrýði í eldhúsinu fina.



Eldhúsið er bæði létt og hlýlegt.

ana. Það var vesen að koma list frá Kúbu á þessum tíma og því urðum við hálfpartinn að smygla þeim úr landi. En þó þau séu mjög litrík og áberandi og að það ætti að verða auðvelt að verða þreyttur á þeim auk þess sem þau eru langt frá því að vera okkar dýrustu verk, þá eru þau samt uppáhalds, kannski út af sögunni.“

Hver er uppáhaldsstaðurinn í húsinu?

„Við eyðum sjálfsagt mestum tíma í sjónvarpssofanum, sérstaklega núna eftir að við færðum eldhúsið, það er miðpunktur hússins. En eldhúsið er þó í miklu uppáhaldi enda langbráður draumur sem rættist með því. Ætli nýja alrýmið sem sameinar þessi tvö svæði sé því ekki uppáhalds.“

En uppáhaldshluturinn?

„Amma Friðar dó á síðasta ári og Friður fékk úr dánarbúinu Kay Bojesen hund sem amma hennar var búin að eiga frá því að hún man eftir sér. Hann er einn af uppáhaldshlutunum okkar, sögunnar vegna. Annars er þetta flest allt bara dauðir hlutir sem skipta í raun engu, myndir og minningar skipta mun meira máli.“

Eruð þið að safna einhverjum hlutum?

„Kannski kjánalegt að segja það, en við erum mjög veik fyrir Kitchenaid og eigum orðið ansi margt frá þeim sem við höfum safnað í gegnum árin. Við viljum aðeins vörur í eplarauða litnum í járnlinunni, þannig að við höfum þurft að kaupa margt erlendis.“

Hvaða hlutur fyrir heimilið er efstur á óskalistanum?

„Ég er að biða eftir að Kitchenaid-sóðastreamtækið komi í réttum lit. Það er búið að vera uppselt í nokkurn tíma en okkur skilst að það komi loksins í sumar aftur í sölu,“ segir Friður.

NÝ SENDING



LOKA
50%
ÚTSALA

Tiskán
BRAX MaxMara B/A/S/L/E/R

Skipholti 21 | Sími 551 0770

Bílablaðið

2. mars 2021

FRÉTTABLAÐIÐ

Tvinnar saman hagkvæmni og stærð



Toyota Highlander er nú í fyrsta skipti fánlegur í Evrópu, þökk sé þeirri staðreynd að hann er kominn með tvinnkerfi. Highlander kom fyrst á markað um aldamótin og er nú á sinni fjórðu kynslóð, en hún var frumsýnd á bílasýningunni í New York árið 2019. **6**

MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON



Smábíllinn Toyota Yaris var valinn Bíll ársins í Evrópu 2021 í Genf í gær. **2**



Hyundai innkallar rafhlöður í 76.000 Kona-rafbílum vegna brunahættu. **4**



Endurhannaður og vel búinn Isuzu D-Max boðinn velkominn í framtíðina. **10**

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



MAX1
BÍLAVAKTIN

EXIDE
TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða pontun@olis.is og fáið nánari upplýsingar.

olis

Þriðja kynslóð Nissan Qashqai frumsýnd

Hinn vinsæli Nissan Qashqai jepplingur hefur verið endurnýjadur frá grunni með nýju útliti og innréttingu ásamt sparneytnari vélum, auk þess sem hann er nú fánlegur í tvinnútgáfu.

Þó að margt í útliti nýs Qashqai minni á fyrirrennarann er um nýja yfirbyggingu að ræða. Bíllinn er 35 mm lengri og 32 mm breiðari. Auk þess hefur hjólhaf verið aukið um 28 mm sem þýðir meira fótarmí í aftursætum. Framendinn fær hið kunnulega V-Motion grill sem við höfum séð í Nissan Juke og einnig þynnri, C-laga díóðljós. Kominn er annar litur á þaklínuna en hægt verður að velja um 11 liti á bílnum. Nýr Qashqai kemur líka á allt að 20 tommu felgum í stað 19 tommu áður. Að innan er komin alveg ný innrétting með nýjum níu tommu upplýsingaskjá efst í miðjustokki. Andoid Auto og þráðlaust Apple CarPlay ásamt Google Street View er nú fánlegt. Í mælaborði er nú stór 12,3 tommu skjár sem hægt er að sníða að þörfum ökumanns og kominn er stór 10,8 tommu framrúðuskjár sem er sá stærsti sem í boði er í þessum flokki.

Talverð breyting er á vélbúnaði og er hann ekki lengur fánlegur með dísilvélum. Þess í



Nýr Qashqai er um margt líkur fyrirrennarinum en með mun skarpari línur og ljósabúnað.



Innréttingin er alveg ný og kominn er fullkominn 9 tommu upplýsingaskjár með margmiðlunarmöguleikum.

stað er komin endurhönnuð 1,3 lítra bensínvél með forþjöppu og mildum tvinnbúnaði. Tvinnbúnaðurinn bætir 22 kílóum við þyngd bílsins en minnkar losun á CO2 um 4 grömm á hverja 100 kílómetra. Bensínvélin er fánleg í tveimur kraftútfærslum, 138 eða 156 hestafla og allt að 270 nm tog. Framdrif er í flestum útgáfum en

Talsverð breyting er á vélbúnaði og er hann ekki lengur fánlegur með dísilvélum.

fjór hjóladrif er valbúnaður fyrir aflmeiri vélina. Hægt er að fá bíllinn með endurhannaðri CVT-sjálfskiptingu. Loks er komin alveg ný útgáfa sem kallast e-Power og er með 1,5 lítra bensínvél sem sér um að hlaða litla rafhlöðu sem drífur rafmótor bílsins. Sá mótor skilar 184 hestöflum og 330 nm tog og gefur tilfinningu fyrir akstri hreins rafbíls að sögn talsmanna Nissan.

Í þriðju kynslóðinni er meira notað af hástyrktarstáli en áður og er ál notað í vélarhlíf, frambretti og hurðar sem léttir bíllinn um 60 kíló. Kominn er endurhönnuð MacPherson-fjöðrun að framan og fjölliða fjöðrun fyrir þær útgáfur sem nota 20 tommu felgur sem eflaust verður vinsæll kostur hérlandis. Bíllinn er einnig rúmbetri og hefur farangursrymi stækkað um heila 74 lítra og er nú 504 lítrar sem er með því besta í flokknum. Að sögn Sigurjóns Andréssonar, markaðsstjóra BL, er Nissan Qashqai væntanlegur hingað til lands í ágúst en verð er ekki tilbúið.

Sportleg C-lína frumsýnd

Mercedes hefur frumsýnt fimmtu kynslóð C-línunnar sem er einn vinlasti bíll merkisins með 2,5 milljónir seldra eintaka. Hann kemur nú inn í harða samkeppni í millistærðarflokki þar sem rafbilar eins og Tesla Model 3 hafa tekið sölu frá samkeppnisaðilum eins og BMW og Audi.

Sportlegir jeppingar hafa líka gert sitt til að minnka sölu í milli-stærðarflokki og því þarf Mercedes að bjóða upp á eitthvað meira í C-línu en áður. Birtingarmynd þess er líka sú staðreynd að hingað til lands kemur bíllinn ekki fyrr en snemma á næsta ári þegar hann verður boðinn sem tengiltvinnubíll með fjór hjóladrifi og 100 km drægi á rafhlöðu. Þá tækni fær hann úr nýrri S-línu ásamt innréttinguna með stóra snertiskjánum í miðjustokki. Mercedes-Benz C-lína er 65 mm lengri en áður og 10 mm breiðari, og hjólhafið hefur aukist um 25 mm. Langbaksútgáfa verður í boði frá byrjun og þá með farangursrymi sem er 30 lítrum stærra en áður.



Útlitið fær hann að nokkru leyti frá E-línunni en með sportlegra yfirbragði.

Engar Coupe- eða blæjuútgáfur verða í boði lengur með nýju kynslóðinni. Þess í stað verða vel búnar útgáfur í boði og þá sérstaklega í tengiltvinnútfærslum. Til dæmis verður loftfjöðrun á afturöxli staðalbúnaður á 300 e. Fjór hjólastýring verður valbúnaður. Brunahreyflar verða aðeins fjögurra strokka og þá með 48V tvinnkerfi. Grunnútgáfan er C180 með 1,5 lítra bensínvél með forþjöppu sem skilar 168 hestöflum og 250 nm tog. Tengiltvinnútgáfur eru bæði með bensín- og dísilvél. Í C 300 e bensínútgáfunni er aflið samtals 309 hestöfl og 550

Ný C-lína mun ekki koma hingað til lands fyrr en á næsta ári þegar bíllinn kemur í fjór hjóladrifinni tengiltvinnútgáfu.

nm tog en ekki hafa verið gefnar upp sambærilegar tölur fyrir dísilútgáfuna. Pantanir fyrir C-línu byrja í lok mars og þá ættu verð á bílnum að vera ljós.

Toyota Yaris bíll ársins í Evrópu

Yaris varð fyrir valinu en sjö bílar höfðu komist í úrslit. Þetta eru önnur verðlaun Yaris í þessu vali frá upphafi en hann vann einnig árið 2000.

Í gær var tilkynnt hvaða bíll hefði hlotið hinn eftirsóknarverða titil, bíll ársins í Evrópu 2021, og varð Toyota Yaris fyrir valinu að þessu sinni með 266 stig. Var hann valinn úr hópi sjö bíla sem komist höfðu í úrslit en hinir voru Citroen C4, Cupra Formentor, Fiat 500, Land Rover Defender, Skoda Octavia og Volkswagen ID.3. Eins og svo oft áður hafði þjóðerni dómaraanna áhrif og er valið eins og Eurovision-söngvakeppnin að því leyti. Þar sem Toyota Yaris er framleiddur í Frakklandi hafði það áhrif en þar varð hann í efsta sæti þrátt fyrir Citroen-bíllinn í valinu. Ítalirnir héldu mest upp á Fiat 500 eins og búast mátti við en það kom á óvart að í Þýskalandi var hann jafn Volkswagen ID.3 að stigum. Á Spáni var það Cupra Formentor sem varð efstur að stigum en dómaramannir sex frá Spáni gáfu honum alls 43 stig, en Citroen C4 var næstur með 26 stig.

Alls voru 29 bílar í forvalinu en dómnefndin samanstendur af 60 bílblaðamönnum frá 23 Evrópulöndum. Til að geta tekið þátt þurfa bílarnir að vera af nýrri kynslóð og vera fánlegir í allavega fimm löndum þegar forvalið hófst. Þegar bíll ársins er valinn hefur hver dómari 25 stig til að skipta á milli þeirra sjö bíla sem komust í úrslit. Ekki má gefa neinum bíl meira en 10 stig hverjum, ekki gefa stigin þannig að tveir bílar



Tilkynnt var um valið í Paalexpo-sýningarhöllinni í Genf þar sem bilasýningin átti að fara fram en henni hefur verið frestað í annað sinn vegna kórónafaraldursins.

séu saman efstir og allavega fimm bílar þurfa að fá stig hjá hverjum dómara. Í fyrra varð Peugeot 208 fyrir valinu en smábílar hafa oft staðið sig vel í valinu á bíl ársins í Evrópu. Árið 2019 var það hins vegar Jaguar I-Pace rafbíllinn sem varð fyrir valinu. Á Íslandi mun val á bíl ársins fara fram í maí og verður tilkynnt á næstunni hvaða bílar verða í forvalinu.



Toyota Yaris	266 stig
Fiat 500	240 stig
Cupra Formentor	239 stig
Volkswagen ID.3	224 stig
Skoda Octavia	199 stig
Land Rover Defender	164 stig
Citroen C4	143 stig

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

ÚTSALA Á JEPPADEKKJUM

í völdum stærðum og mynstrum. Allt að 50% afsláttur!*

Stærð	Mynstur	Afsl.	Verð nú
35X12.50R20	ATZp3	25%	73.350
37X12.50R17	Deegan 38	25%	59.737
305/55R20 (33")	MTZp3	25%	61.725
35X12.50R15	MTZp3	25%	38.880
38X15.50R20	MTZp3	50%	49.250
40X14.50R20	MTZp3	30%	83.890

*Meðan birgðir endast

icetrack ehf

773-4334

mtdekk@mtdekk.is

www.mtdekk.is



Bílablaðið

FRÉTTABLAÐIÐ

Umsjón blaðsins
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Auglýsingar: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103
Útgáfufélag: Torg ehf. | Kalkofnsvegur 2 | 101 Reykjavík | Sími 550 5000

Ertu með eitthvað grænt í gangi?

Með Grænu láni frá Ergo getur þú fjármagnað rafbíl, rafhjól eða hleðslustöð á hagstæðum kjörum.

Kynntu þér málið á ergo.is

ergo  GRÆN LÁN

Hyundai þarf að innkalla 76.000 Kona rafbíla

Innköllunin vegna 15 bruna í Kona EV að undanfögnu. Skipta þarf um rafhlöðuna í heild sinni og mun kosta Hyundai og LG Chem miklar fjárhæðir.

Samkvæmt erlendum miðlum eins og Reuters og Forbes er Hyundai bílaframleiðandinn að fara að innkalla Kona-rafbílinn vegna galla í rafhlöðu. Alls verða 76.000 eintök innkölluð á heimsvísu eftir að eldur hefur kviknað í 15 tilfellum, en 11 þeirra voru í Suður-Kóreu. Hin 4 tilföllin áttu sér stað í Kanada, Finnlandi og Austurríki og eru því ekki einskorðuð við heitari lönd.

Skipta þarf um rafhlöðuna í heild sinni og á meðan það hefur ekki verið gert ráðleggur Hyundai eigendum bílanna að hlaða þá ekki meira en 90%. „Það eru ekki komin formleg svör frá Hyundai varðandi innkallanir hér á landi. Við munum bregðast við jafnskjött og leiðbeiningar berast frá framleiðandanum, en ítrekum um leið



Hyundai innkallar rafhlöður í 76.000 Kona-rafbílum vegna brunahættu

að engin vandræði hafa komið upp í rafhlöðum Hyundai Kona sem BL hefur flutt til landsins,“ segir Heiðar Sveinsson, framkvæmdastjóri Hyundai á Íslandi.

Hyundai þurfti að innkalla 77.000 eintök af Kona EV í fyrra haust vegna skammhlaups í rafhlöðu. Þá lét samgönguráðuneytið í Suður-Kóreu hafa það



Hyundai Kona rafbíl brennur við hraðhleðslu-stöð í Suður-Kóreu í fyrra.

eftir sér að framleiðslugalli hefði verið vandamálið en framleiðandi rafhlaðanna, sem var LG Chem, neitaði því staðfastlega. Fengu bílarnir því bara nýjan hugbúnað en í janúar kviknaði í bíl sem fengið hafði uppfærsluna. Hyundai ætlar að innkalla 76.000 bíla af gerðinni Kona EV sem smíðaðir voru milli nóvember 2017 og mars 2020 ásamt nokkrum Ionic-bílum frá sama tímabili. Innköllunin verður sú dýrasta sem framkvæmd hefur verið á rafbíl og mun kosta framleiðandann 115 milljarða króna. Munu Hyundai og LG Chem

vera í viðræðum um hvernig skipta skal þeim kostnaði en LG Chem vill ekki taka alla ábyrgð, en allar rafhlöðurnar koma frá verksmiðju LG í Nanjing í Kína.

Í fréttatilkynningu frá LG Chem segir að Hyundai hafi ekki farið eftir leiðbeiningum LG Chem um hvernig hraðhleðsla skyldi fara fram og þess vegna sé ekki hægt að kenna rafhlöðunni eingöngu um vandamálið. Í nóvember í fyrra innkallaði Chevrolet 69.000 eintök af rafbílum Bolt vegna svipaðs vandamáls en þeir voru allir búnir rafhlöðum frá LG Chem.



Njósnammynd af Jaguar XJ sem frumsýna átti seinna á árinu en nú hefur verið hætt við vegna þess að hann er með undirvagni frá Land Rover.

Jagúar ætlar að rafvæða alla bíla sína

Nú berast fréttir af því þessa dagana að Jagúarmerkið sé að endurhugsa alla framleiðslulínu sína. Ætlar merkið að rafvæða sig með það fyrir augum að allir bílar þess verða rafdrifnir fyrir árið 2025. Það sem meira er, að Jagúar er í viðræðum við samstarfsaðila að smíða fyrir merkið undirvagn í stað þess að hanna hann sjálf. Ekki er hugmyndin að deila undirvagni með Land Rover enda merkin farin að fjarlægjast hvort annað. Til stóð að ný kynslóð Jagúar XJ yrði frumsýnd á þessu ári með MLA Flex undirvagninum sem einnig verður undir nýjum Range Rover þegar

» Ætlar merkið að rafvæða sig með það fyrir augum að allir bílar þess verða rafdrifnir fyrir árið 2025.

hann kemur á markað árið 2024. Hætt hefur verið við þau áform vegna endurskipulagningarinnar. Er hugmyndin hjá Jagúar að færa sig meira upp í lúxusflokk og hugsa frekar um hagnað heldur en magn. Hætt er við að með því að fá undirvagn utan frá setji það Jagúarmerkinu hömlur þegar kemur að ytri hönnun bílanna.

VW staðfestir framleiðslu á ID.5

VW ID.5 er þegar kominn í forframleiðslu sem þýðir að byrjað er að framleiða eintök af bílnum til prófunar. Bíllinn verður á sama MEB-undirvagni og VW ID.4 og hefur því úr sömu rafhlöðum og rafmóturum að spila. Bíllinn verður einnig smíðaður í verksmiðju Volkswagen í Zwickau í Þýskalandi þar sem ID.3 og ID.4 eru smíðaðir. Fyrsta útgáfa bílsins verður líklega með afturdrifi og 201 hestafls rafmótor með 77 kWst rafhlöðu. Hann er með betri loftmótstöðu en ID.4 og gæti því haft aðeins meira drægi en þá 500 km sem hann er gefinn upp fyrir. Aflmesta útgáfan verður GTX-bíll með tveimur rafmóturum og fjórhjóladrifi líkt og Skoda Enyaq vRS. Sú útgáfa er 302 hestöfl og 6,2 sekúndur í hundraðið. Líkt og í ID.4 má búast við grunnútgáfu á síðari stigum með 52 kWst rafhlöðu og 146 hestafla rafmótor, og 77 kWst rafhlaðan gæti einnig verið tengd við 177 hestafla rafmótor.

Myndirnar af bílnum sýna að hann líkist nokkuð ID.Grozz tilraunabílum frá bílasýningunni í Frankfurt árið 2017. Meðal þess sem þekkja má þaðan er afturhallandi innrammaður afturgluggi ásamt vindskeið. Hann er



Framendi bílsins er mjög líkur Volkswagen ID.4 eins og sjá má af þessum njósnammyndum af bílnum sem náðust nýlega á Nurburgring.



Afturendinn er nokkuð líkur ID.Grozz og ætti að minnka farangursrýmið um 100 lítra frá ID.4.

þó ekki með rennihurðirnar frá tilraunabílum.

Að framan er hann mjög svipaður ID.4 með nánast eins framljósum og alveg eins stuðara. Þótt það sjáist ekki vel á myndunum er mælaborðið það sama og í ID.4 enda breyting á því algjör óþarfi. Búast má við aðeins minna pláss í ID.5 en í ID.4 og sérstaklega í farangursrými, en það ætti að vera allt að 100 lítrum minna en 543 lítra farangursrýmið í ID.4.



SSANGYONG
KORANDO
Elskar íslenskar aðstæður



Komdu og sjáðu Korando. Hér er á ferðinni ótrúlega velheppnaður sportjeppi sem er eins og sérhannaður fyrir Ísland.

- + 163 hestöfl / 280 Nm
- + 2WD eða 4WD
- + Hægt að læsa millikassa í 4WD

Verð: 4.390.000 kr.

Birt með fyrirvara um texta- og myndabrengl.



BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG

benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Ib bílar
Selfoss
Fosnes A
Sími: 480 8080

Bílaríkið
Akureyri
Lónsbakka
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Bilabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

OPEL CORSA-E SPENNTUR FYRIR ÞÉR!

100% rafmagn
100% Opel

VIÐ STYÐJUM RAFBÍLAVÆÐINGUNA OG LÆKKUM VERÐ Á RAFBÍLUM

Þegar þú velur Opel Corsa-e færðu einn fullkomnasta rafmagnsbílinn á markaðnum á einstaklega hagstæðu verði.

NJÓTTU VEL!

VARMADÆLA

Hlutverk varmadælu er að endurvinnna orku sem verður til við hitaskipti, jafnt til hitunar sem kælingar á bílnum. Þannig sparast orka rafhlöðunnar. Hér eru kjöraðstæður fyrir varmadælur í rafbílum, því þær virka best við meðalhita á Íslandi og geta aukið drægni um allt að 15% við bestu skilyrði.

RAFMAGNAÐ ÚTLIT

Hver er þinn stíll? Þú einfaldlega velur uppáhalds litinn þinn á bílinn og toppar útlitið með svörtu þaki. Þú getur líka valið sólarþak á rafbílinn þinn og lýst upp umhverfið.

100% RAFMAGN OPEL CORSA-E

VERÐ: 3.990.000 KR.
STUÐNINGUR: 300.000 KR.
VERÐ NÚ: 3.690.000 KR.

ÞÍN EINKENNI

Opel Corsa-e er búinn nýstárlegum álfelgum, grilli og speglum, sem hægt er að sérsníða með sérstökum pökkum sem fást hvítir, svartir, rauðir eða bláir. Hvernig vilt þú líta út?


RAFHLAÐA, HLEÐSLA OG DRÆGNI

Nú þegar rafmagnsvæðingin er komin á fullt á Íslandi, er hægt að keyra hringinn í kringum landið á rafmagnsbíl frá Opel. Það tekur aðeins 30 mín. að hlaða Corsa-e upp í 80% drægni með hjálp 100 kw hraðhleðslu. Það á því ekkert að stoppa þig á Opel Corsa-e.

MÓTOR: 100 kW
RAFHLAÐA: 50 kWh
DRÆGNI: 337 km.

HESTÖFL OG HRÖÐUN

Krafturinn í Opel Corsa-e er yfirdrífinn. Corsa-e er 136 hestöfl og býr yfir hröðun sem slær mörgum mun dýrari bílnum við, þ.e.a.s. hann rýkur í 50 km hraða á 2,8 sek. Það er akkurat hraðinn sem leyfður er á flestum aðalgötum þéttbýlisstaða.



O P E L



BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR OPEL

benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

1b bílar
Selfoss
Fossmes A
Sími: 480 8080

Bílarikið
Akureyri
Lönsbakka
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Bilabúð
Benna

Sérfræðingar í bílum



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Toyota Highlander Hybrid

KOSTIR

- Eyðsla
- Rými fyrir farþega

GALLAR

- Vindhljóð
- Útsýni aftur
- Upplýsingaskjár

Grunnverð: 10.690.000 kr.
Rúmtak: 2.487 rsm
Hestöfl: 248
Uptak: 0-100 km: 8,3 sek.

Hámarkshraði: 180 km
L/B/H: 4.966/1.930/1.755 mm
Hjólhaf: 2.850 mm
Dráttargeta: 2.000 kg

Eigin þyngd: 2.015 kg
Farangursrými: 865 lítrar
Eyðsla bl. ak: 6,6-7,2 l/100 km
CO2: 149-163 g/km



Þrátt fyrir stærð bilsins er fjöðrunin mätulega mjúk á malarvegi en leggst aðeins í beygjurnar á malbiki þegar reynt er á hana. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Tvinnar saman hagkvæmni og stærð

Toyota Highlander er nú í fyrsta skipti fánlegur í Evrópu, þökk sé þeirri staðreynd að hann er kominn með tvínkerfi.

Highlander kom fyrst á markað um aldamótin og er nú á sinni fjórðu kynslóð, en hún var frumsýnd á bílasýningunni í New York árið 2019. Hann hefur ekki verið í boði á Íslandi áður og er góð viðbót við Toyota-fjölskylduna, og þá sem vilja stóran bíl án þess að þurfa að borga meira fyrir jeppaeiginleika og meiri eyðslu.

Lítill eyðsla miðað við stærð
TNGA-K undirvagn bílsins og 2,5 lítra vélin kemur beint úr Camry en hún er með tvo rafmótora sinn á hvorum öxlinum. Hægt er að keyra bílinn á rafmagninu einu saman næstum tvo kílómetra og aðgreinir það hann frá öðrum tvinnbílum. Krafurinn er góður enda hefur hann úr 248 hestöflum að spila með rafmagninu og hann er því snöggur af stað þegar maður vill það. Þótt hér sé stór tveggja tonna bíll á ferðinni sést það ekki í eyðslu hans sem er uppgefin í 6,6 lítrum miðað við hundrað kílómetra. Í reynsluakstrinum voru eknir 250 kílómetrar við ýmsar aðstæður og sýndi eyðslumælirinn 8,8 lítra meðaleyðslu. Þótt það sé nokkuð frá uppgefinni eyðslu er ekki hægt að kvarta mikið yfir þessari tölu þegar horft er á stærð bílsins. Það er gott að keyra hann

» Highlander er stór bíll og meira að segja lengri og breiðari en Land Cruiser jeppinn svo rými er ekki vandamál í þessum bíl.

og einu veiku punktarnir eru vindhljóð frá hliðarrúðum og smá hvinur frá CVT sjálfskiptingunni þegar reynt er á hana.

Gott rými alls staðar

Highlander er stór bíll og meira að segja lengri og breiðari en Land Cruiser jeppinn. Hann er það langur að maður fær rútuþilfinningu fyrir fjöðrun á hraðahindrunum. Hann er 4.966 mm að lengd og 1.930 á breidd svo að rými er ekki vandamál í þessum bíl. Auk þess er mjög þægilegt að ganga um bilinn, hurðir ná niður með undirvagni svo að styttra er að stíga upp í hann. Auðvelt er að fella niður miðjusætaröðina til að komast í þá öftustu og þar sem bíllinn er 1.755 mm hár þarf ekki að beygja sig mikið. Auk þess er færslan á miðjusætaröðinni 180 mm þannig að bæta má fótarymi aftast ef þurfa



2,5 lítra vélin ásamt rafmótorunum skilar vel aflinu í upptakinu.

þykir. Þó að þriðja sætaröðin sé varla fyrir meira en unglíngastærð myndi það ekki gera út af við fullorðinn að nota hana í smátíma. Oft er gott að sjá hversu rúmgóðir bílar eru út frá farangursrými, en það er 865 lítrar með öftustu röðina ofan í gólfinu. Með því að fella miðjusætaröðina niður er plássíð komið í 1.909 lítra sem er mjög gott.

Útsýni gæti verið betra


Bíllinn er að mörgu leyti vel búinn og það er mikill kostur að hafa USB-tengi fyrir allar sætaraðir. Innréttingin er svipuð og í RAV4 og með sams konar upplýsingaskjá sem er ekki sá fullkomnasti sem völ er á en nógu góður fyrir flest venjulegt brúk. Í prófuninni varð þó vart við að símabúnaður

virkaði ekki eins og skyldi og uppfærðei ekki hringilista og fleira þess háttar. VX var útfærslan sem prófuð var en hún er meðal annars með 20 tommu álfelgum, díóðuframljósum, fjarlægðarskynjurum með sjálfvirkri hemlun, rafmagni í afturhlera og framsætum og leðurklæddum sætum svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir að bíllinn sé

Fasteignablaðið

9. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 2. MARS 2021

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN



Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is



MIDBORG
fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Sólveig Friða Guðrúnardóttir
Löggiltur fasteignasali og
lögfræðingur

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800

www.midborg.is



Hrólfsskálavör 8 er glæsileg eign sem liggur beint að fjöru á einstaklega fallegum og skjólgóðum stað á Seltjarnarnesi.

Glæsieign á sjávarlóð

Föld fasteignasala kynnir glæsilegt hús á sjávarlóð á einstökum stað við Hrólfsskálavör 8 á Seltjarnarnesi.

Húsið er á tveimur hæðum. Á efri hæð er forstofa með fallegum steinflisum og fataskáp. Hjá forstofu er gestasnyrting með steinflisum á gólfi. Stofa og borðstofa eru með fallegu, nýlegu eikarparketi og gólfsíðum gluggum. Frá stofu er útgengt á suðursvalir með frábæru útsýni til sjávar.

Eldhús er með fallegri kirsu-berjainnréttingu, eyju með borðaðstöðu, Smeg-gaseldavél, tveimur Miele-bakaraofnum í vinnuhæð og innfeldri uppþvottavél. Frá eldhúsi er gengið í þvottaherbergi og opið að borðstofu. Sjónvarpshol er með útgengi á suðursvalir. Þaðan er gengið út á pall með heitum potti og út í garð sem liggur að fjöruborðinu.

Á svefnherbergisgangi eru þrjú svefnherbergi, öll parketlög.

Hjónaherbergið er rúmgott með góðum fataskápum. Baðherbergi með nuddbaðkari og sturtuklefa, flísalagt í hólf og gólf, með fallegri kirsu-berjainnréttingu og handklæðaofni. Gólfhiti er á efri hæð og gengið frá hæðinni niður hringstiga.

Á jarðhæð er séringgangur. Gangur er með fallegum náttúruflisum og fataskáp. Snyrting flísalögð með hvítum flisum. Inn af gangi er stór parketlögð stofa með útgengi á pallinn. Á hægri hönd frá ganginum er gengið inn í rými með setustofu, svefnherbergi og baðherbergi með sturtu, auk geymslu. Baðherbergi er flísalagt en að öðru leyti er rýmið parketlagt. Auðvelt væri að nýta neðri hæðina sem séríbúð, en húsið nýttist líka vel sem ein heild. Rúmgóður bílskur er á neðri hæðinni, með vatni, hita og rafmagni. Einnig rúmgóð geymsla með séringgangi.

Að sögn seljanda hafa eftirfarandi endurbætur verið gerðar

á síðustu árum: Gluggar og gler endurnýjuð, gluggar sikkadír og hurðir frá Velfac settar í svaladyr. Fallegt eikarparketi og flísar á gólf. Nýtt járn á þaki og þakkantur nýlegur. Hiti í útidyratröppum og innkeyrslu. Forstofa, eldhús, baðherbergi og hjónaherbergi voru endurhönnuð 2002 af Rut Kára.

Lóðin er 946 fm. Hún er í góðri rækt með limgæði að framanverðu og grasflöt með óheftu útsýni sjávarmegin. Útiljós á palli. Hitagagnir í stétt og útitröppum.

Hrólfsskálavör 8 er glæsileg eign sem liggur beint að fjöru á einstaklega fallegum og skjólgóðum stað á Seltjarnarnesi. Sjón er sögu ríkari.

Bókið einkaskoðun á fold@fold.is, í síma 552 1400, eða hjá fasteignasöðlum Foldar: Viðar 6941401, Hlynur 6248080, Sævar 8441965, Einar 8939132 og Gústaf 895-7205. **Nánar á fold.is og á Facebook.**



OPIÐ HÚS
fimmtudaginn
4. mars
kl. 17:00 - 17:30
Virðum sóttvarnir
gætum 2ja metra reglunnar

Hafnarbraut 13b á Kársnesinu í Kópavogi

- Glæsileg ný 4ra herbergja íbúð
- Bílastæði í bílageymslu
- Íbúðinni fylgir ísskápur og uppþvottavél
- Til afhendingar strax

Verð: 64,9 millj.




Nánari upplýsingar:

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

MIKLABORG

569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Dugguvogur 6 penthouseíbúðir

- Tvær glæsilegar nýjar 3ja herb. penthouseíbúðir á 4. hæð
- Um 30 fm þaksvalir með hvorri íbúð
- Stærðir um 120 fm og íbúðunum fylgir 1-2 bílastæði í bílakjallara
- Tilbúnaðar til afhendingar strax fullbúnaðar með gólfefnum ísskáp og uppþvottavél

Verð 72,9 og 74,9 milljónir



Skektuvogur 2 nýjar íbúðir

- Tvær glæsilegar nýjar 4ra herbergja íbúðir á 2. og 3. hæð
- Stærðir um 130 fm og fylgir bílastæði í bílakjallara
- Tilbúnaðar til afhendingar strax fullbúnaðar með gólfefnum ísskáp og uppþvottavél

Verð 68,9 og 69,9 milljónir

Komið, skoðið og ráðfærið ykkur við sölumenn okkar!



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is



Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

TRAUSTR
BYGGINGARADILI
SÍÐAN 1998



MIKLABORG | – Með þér alla leið

569 7000 · Lág múla 4 · miklaborg.is


Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is



FOLD

FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



Viðar Böövarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttaræðingur og lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögr. og
í löggildingarnámi
raket@fold.is / 699-0044

Einar Marteinson
lögg. fast.
einar@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi

Sævar Bjarnason
löggildingarnemi

Kóngsbakki 9, 109 Rvk., 4ra herbergja. OPIÐ HÚS ÞRI 2/3 KL. 17:00-17:30.



Til sölu vel skipulagt og fallegt 96,1 fermetra íbúð (þar af 7,3 m² geymsla) við Kóngsbakka 9, 109 Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofa, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús er innan íbúðar og geymsla í kjallara. Nýlegar innréttingar í eldhúsi og fataskápar í öllum herbergjum. Út frá stofu er hægt að ganga út á 9,5 fermetra flísalagðar svalir sem snúa í suðvestur, horft er út í vel við haldinn verðlaunagarð þar sem mikil veðursæld er. **Opið hús þriðjudaginn 2 mars kl. 17:00-17:30.** Bóka þarf skoðun hjá saevar@fold.is / 844-1965

Fellsmúli 5, 108 Rvk., 4RA HERBERGJA 3.HÆÐ.



Góð 4ra herbergja íbúð á 3.hæð í mikil endurnýjuðu húsi við Fellsmúla í Reykjavík. Íbúðin er vel skipulögð. Tengt er fyrir þvottavél á baði. Frá stofu eru vestursvalir. Blokkin er nýlega viðgerð að utan. **Verð 47,9 millj.** Velkomið að bóka skoðun: fold@fold.is / 552-1400.

Miðtún 11, 105 Rvk., einbýlishús. OPIÐ HÚS MIÐ 3/3 KL. 16:30-17:00.



4 herbergja einbýlishús á eftirsóttum stað, miðsvæðis í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær hæðir og er hvor um sig 49 fm. Á fyrstu hæð er forstofa, baðherbergi, stofa, eitt svefnherbergi og eldhús. Í kjallara er forstofa, baðherbergi, eldhús, stofa og svefnherbergi. 24 fm bílskúr er við húsið. Í dag er húsið nýtt sem tvær íbúðir en auðvelt að breyta í eina. Eftirsótt staðsetning og stutt í alla þjónustu. **Opið hús miðvikudaginn 3. mars kl. 16:30 -17:00, verið velkomin.**

Sumarhús við Galtalæk, 851 HELLA.



Ca. 90 fm. fallegt sumarhús á frábærum stað við Galtalæk með útsýni til Heklu. Um 100 fm pallur er í kringum bústaðinn. Eldhús er með nýlegri og fallegri innréttingu. Þrjú svefnherbergi. Stofa með kamínu og útgengt á pallinn sem er með mjög vönduðum heitum potti. Baðherbergi er snyrtilegt og rúmgott. Gróðurhús á lóð. **Verð 24,9 millj.**

Glæsilegt einbýli Á SJÁVARLÓÐ Á SELTJARNARNESI



Rúmlega 323 fm glæsilegt einbýlishús á 946 fm sjávarlóð á einstökum stað við Hrólfsskálavör á Seltjarnarnesi. Húsið er mikil endurnýjað. Fallegt viðarparket er á gólfum. Gluggar og svalahurðir eru nýlegar og gólfsíðar þannig að útsýni úr húsinu er óheft. Forstofa, eldhús, baðherbergi og hjónaherbergi er hannað af Rut Kára og öll tæki og innréttingar af vönduðustu gerð. Þetta er eintök eign á íslenskum fasteignamarkaði. Sjón er sögu ríkari.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr
Jóhannsson
hdl og lögg.
fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Gísli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fast-
mark.is

Einbýlishús óskast í Garðabæ fyrir trausta kaupendur

Laxatunga – Mosfellsbæ



- Fallegt og vel skipulagt 236,9 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum flisalögðum bílskúr við Laxatungu í Mosfellsbæ.
- Þrjú stór barnaherbergi. Bjartar stofur með gólfisöðum gluggum til vesturs. Hjónasvíta með fataherbergi innaf. Tvö baðherbergi.
- Stór viðarverönd með heitum potti. Innangengt er í stóran bílskúr með gluggum.
- Húsið að utan er klætt með flisum og því viðhaldslítið.

Verð 104,9 millj.

Kaplaskjólsvetur 62.



- Vel skipulagt og frábærlega staðsett 224,0 f.m. einbýlishús á tveimur hæðum með auka 66,0 fm. 2ja herbergja íbúð á neðri hæð og með 40,0 fm. bílskúr með möguleika á að gera íbúð.
- Húsið hefur verið mikið endurnýjað á síðustu 25 árum. Bárújam á húsi og þaki hefur verið endurnýjað og settur þakkantur, nýjar þakrennur og niðurföll. - Raf-lagnir og tafla, neysluvatns- og ofnalagnir eru endurnýjaðar.
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. febrúar 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. febrúar 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar-Bæjarháls vegna lóðarinnar nr. 133 við Hraunbæ. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað um 6 úr 58 íbúðum í 64 íbúðir, bílastæðakrafa er lækkuð lítillega úr 1 stæði pr. íbúð í 0,9 stæði pr. íbúð, skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir sorpgerði milli byggingarreita A3 og A1 og gerðar eru breytingar á sérskilmálum til samræmis við reit C. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 13. apríl 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 2. mars 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

ÞRIÐJUDAGA TIL
FIMMTUDAGA
KL. 21.00

21 er fréttapáttur þar sem mikilvæg samfélagsmál eru tekin fyrir og þau brotin til mergjar í umsjón Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis.

Þriðjudaga til fimmtudaga kl. 21.00

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



HRINGBRAUT

Óreiðan heldur áfram hjá Barcelona

Í gær réðst spænska lögreglan til aðgerða og handtók þrjá af valdamestu stjórnendum stórveldisins Barcelona á grundvelli spillingar og peningabættis. Forsetakosningar eru fram undan og er þetta nýjasta hneykslið í stjórnartíð Josep Maria Bartomeu.

FÓTBOLTI Spænska lögreglan handtók í gær Josep Maria Bartomeu, fyrrverandi forseta knattspyrnufélagsins Barcelona, sem og Óscar Grau, núverandi framkvæmdastjóra hjá félaginu og Román Gómez Pontí, yfirlögfræðing félagsins. Þeir eru allir grunaðir um spillingu og peningabætti en málið á sér langa for sögu. Fyrrverandi stjórnarmenn Barcelona hafa í þó nokkurn tíma legið undir grun fyrir vafasama viðskiptahætti og undanskot fjármuna. Sömu hættir hafa verið á greiðslum til leikmanna en fjölmargir fyrrverandi leikmenn Barcelona hafa verið ákærðir fyrir að svíkja undan skatti undanfarinn áratug.

Samkvæmt spænskum fjölmiðlum tengjast handtökurnar svonefndu „Barcagate-máli“ en þar voru bæði fyrrverandi og núverandi stjórnarmenn Barcelona sakaðir um að hafa, í samstafi við markaðsfyrirtæki, siglt undir fölsku flaggi á samfélagsmiðlum og haldið þar uppi vörnum fyrir sig sjálfa og um leið rægt leikmenn liðsins.

Þar á meðal varð Lionel Messi fyrir bardönu á notendum samfélagsmiðla, sem talið er að hafi ekki verið raunverulegir reikningar þeirra sem þar tjáðu skoðanir sínar, heldur hafi verið stjórnað af starfsmönnum fyrrnefnds markaðsfyrirtækis.

Handtökurnar eiga sér stað í



Valdatíð Bartomeu hefur verið skrautleg og eru handtökurnar aðeins toppurinn á isjakanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

aðdraganda forsetakosninga hjá Barcelona en þar ganga meðlimir félagsins að kjörborðinu og kjósa á milli Victor Font, Joan Laporta og Toni Freia. Nú þegar hafa um það bil

20.000 meðlimir kosið í póstkosningu. Áætlað er að niðurstöðurnar verði tilbúnar í lok þessarar viku.

Bartomeu og stjórn hans sagði af sér í október síðastliðnum eftir að

hafa staðið í illdeilum við Messi og fleiri leikmenn liðsins allt síðastliðið sumar. Endaði það þannig að Messi ákvað að vera áfram í herbúðum Barcelona í eitt tímabil í við-

» Barcelona skuldar tæplega einn milljarð evra en launatölur snillingsins Lionels Messi hljóma upp á 140 milljónir evra á ári.

bót gegn því að Bartomeu og félagar hans létu af völdum hjá félaginu.

Þrátt fyrir að vera annað árið í röð tekjuhæsta knattspyrnufélag Evrópu á síðasta ári Barcelona er fjárhagsstaða Katalóníufélagsins í molum. Þannig var liðið það félag sem varð fyrir næstmesta tekjufallinu á síðasta ári þegar tekjur félagsins minnkuðu um fimmtán prósent milli ára. Árið 2019 setti Barcelona nýtt met þegar félagið var með tekjur upp á 840 milljónir evra frá árinu 2019 en á síðasta ári komu 715 milljónir evra inn í kassann.

Ljóst er að það biður nýs forseta að lappa upp á mynd Barcelona sem beðið hefur hnekki undir stjórn Bartomeu, laga skuldastöðu félagsins og laða að nýja fjárfesta með raunhæfum og vel ígrunduðum áætlunum um nýtt rekstrarmódel. Þar að auki þarf sá hinn sami að byggja upp nýtt lið Barcelona, líklegast án Messis, eftir gullaldarár félagsins undanfarna áratugi.

hjorvaro@frettabladid.is

Frambjóðendur til formanns og stjórnar VR kynna sig

Frambjóðendur til formanns og stjórnar VR kjörtímabilið 2021–2023 kynna sig og áherslur sínar á kynningarfundum VR á fjárfundarforritinu Zoom, **fimmtudaginn 4. mars kl. 20.00.**

Tvö einstaklingsframboð eru til formanns VR: Framboð núverandi formanns, Ragnars Þórs Ingólfssonar, og framboð Helgu Guðrúnar Jónasdóttur. Þá eru 11 einstaklingsframboð til stjórnar en alls verður kosið til sjö sæta í stjórn og þriggja í varastjórn.


Hlekk á fundinn má finna undir Mínum síðum á vr.is.

Allir VR félagar eru velkomnir.

SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Taktu þátt og safnaðu áheitum á mottumars.is

 Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS


VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík
☁
7 | 3
°C | ↑

Ísafjörður
☁
3 | 1
°C | ↓

Akureyri
☁
6 | 4
°C | ↗

Egilsstaðir
☀
3 | 2
°C | ↖

Kirkjubæjarkl
☁
4 | 2
°C | ↘

Hveravellir
☁
-1 | 7
°C | ↑

Suðaustan 3-8 og dálítill rigning eða slydda í dag og hiti 1 til 7 stig, en úrkomulítið á N- og A-landi. Snýst í norðan- og norðaustan 8-15 með slyddu eða snjókomu norðan til um kvöldið, hvassast á Vestfjörðum.

Miðvikudagur

Reykjavík
☁
5 | 5
°C | ↔

Ísafjörður
☁
-1 | 5
°C | ↑

Akureyri
☁
-1 | 5
°C | ↖

Egilsstaðir
☁
-1 | 3
°C | ↘

Kirkjubæjarkl
☁
2 | 6
°C | ↙

Hveravellir
☁
-2 | 10
°C | ↗

Fimmtudagur

Reykjavík
☁
5 | 9
°C | ↖

Ísafjörður
☁
4 | 4
°C | ↑

Akureyri
☁
5 | 3
°C | ↑

Egilsstaðir
☁
2 | 4
°C | ↑

Kirkjubæjarkl
☁
4 | 1
°C | ↗

Hveravellir
☁
-1 | 4
°C | ↑

LÉTT

			2	4		1		6
		7		3	8	9	5	
		5		7				
				9		5		
8	9			6		2	1	
					4	3		7
6		4		5		8		
7		1				6	4	
3	8							

MIDLUNGS

		6		4	7			8
	1							9
8				1	2			3
4	8			3		5		
		2	4					
3	9		2		8	7		
		1		8				6
5	7		6					
6				2	3			

PUNG

			4			9		
3	4	5				6		8
6	7						2	
				5		3		
	6	2	3				4	
9	1				8			2
			8			1		
		6	1					
8				3				7

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 maka
 5 harðæri
 6 íþróttafélag
 8 yfirhafna
 10 tveir eins
 11 geðleið
 12 mikil
 13 bónus
 15 tilliðkun
 17 kryddjurt

- LÓDRÉTT**
 1 matjurt
 2 samsinna
 3 gruna
 4 stía
 7 þægindi
 9 rándýr
 12 hreinsa
 14 tjara
 16 í röð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 róða, 5 óra, 6 fh, 8 stakka, 10 aa, 11 órg, 12 stór, 13 ábót, 15 lípur, 17 kars. LÓDRÉTT: 1 rosakál, 2 jata, 3 óra, 4 arkró, 7 hag-ræð, 9 kóttur, 12 sópa, 14 þik, 16 rs.

Skák Gunnar Björnsson

Mikael Jóhann Karlsson (2.130) átti leik gegn Arnari Milutin Heiðarssyni (1.911) á skákmóti yrðlinga.

23. Hxc6! Rxc6 24. Hxc6 Dxb5 25. Hxf6 og hvítur vann skömmu síðar. Davíð Kjartansson vann sigur á Brim-mótinu sem fram fór um helgina. Símon Þórhallsson varð annar. Þriðjudagsmót fer fram hjá TR í kvöld. Allir velkomnir! www.skak.is: Brim-mótið.



5	4	7	9	8	3	1	2	6
6	3	9	5	1	2	8	4	7
8	1	2	7	6	4	5	9	3
1	7	5	4	2	9	6	3	8
2	6	8	3	5	1	9	7	4
3	9	4	8	7	6	2	5	1
9	2	1	6	3	7	4	8	5
4	8	3	1	9	5	7	6	2
7	5	6	2	4	8	3	1	9
5	2	8	9	1	4	6	3	7
3	7	1	2	5	6	8	9	4
4	6	9	7	3	8	1	5	2
8	9	3	1	6	7	2	4	5
6	4	2	8	9	5	7	1	3
7	1	5	4	2	3	9	6	8
9	8	7	5	4	1	3	2	6
1	5	6	3	7	2	4	8	9
2	3	4	6	8	9	5	7	1
6	3	9	5	7	8	1	2	4
1	4	7	2	3	9	5	6	8
2	8	5	1	4	6	9	3	7
7	5	1	4	6	2	8	9	3
8	9	2	7	1	3	6	4	5
3	6	4	8	9	5	7	1	2
9	1	8	3	5	4	2	7	6
4	2	6	9	8	7	3	5	1
5	7	3	6	2	1	4	8	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Geljan



Barnalán



VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

BJÖRNSBAKARI
Símí: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
www.bjornsbakari.is



Ragnar Kjartansson, Halla Birgisdóttir og sýningarstjórinn Una Björg Magnúsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Listamenn myndgera stórar tilfinningar í verkum sínum

Fjórir ólíkir listamenn sýna í Kling & Bang. Meðal verka er myndband eftir Ragnar Kjartansson þar sem Mozart-aría er stöðugt endurflutt. Titill sýningarinnar frá Ólöfu frá Hlöðum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Dýpsta sæla og sorgin þunga er yfirskrift sýningar sem stendur yfir í Kling & Bang og lýkur 14. mars næstkomandi. Titillinn er fenginn úr þekktu og ástsælu ljóði Ólafar frá Hlöðum. Sýningarstjórar eru Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Katla Rós Völudóttir og Una Björg Magnúsdóttir.

Listamennirnir eru Anne Carson, Halla Birgisdóttir, Margrét Dúadóttir Landmark og Ragnar Kjartansson.

„Á sýningunni teflum við saman fjórum listamönnum og notum ljóð Ólafar til að tengja þá saman. Þessir listamenn eru mjög ólíkir en vinna með myndgeringum stórra tilfinninga í verkum sínum,“ segir Una Björg, annar sýningarstjórana.

Húmor og tregi

Í hópi listamannanna er Anne Carson sem er þekkt skáld, grískuprófessor og fornfræðingur en sýnir nú myndlistarverk sín í fyrsta sinn. „Hún sýnir myndir af fjöllum, ljósritar teikningu sínar af þeim og malar ofan í og ljósritar síðan aftur og aftur. Hún skrifaði líka texta fyrir bókverk sem gefið var út í tengslum við sýninguna. Myndir af verkum listamannanna á sýningunni eru í þessu bókverki hennar,“ segir Una Björg.

Margrét Dúadóttir Landmark útskrifaðist úr Listaháskólanum í fyrsta og sýnir nú nýja skúlptúra sem hún vann flesta sérstaklega fyrir sýninguna. „Í verkum sínum nær hún að fanga ákveðið jafnvægi á milli tilfinninga, það er bæði húmor og tregi í þeim,“ segir Una Björg.

Persónulegur miðill

Halla Birgisdóttir sýnir blýants-teikningar. „Blýanturinn er persónulegur miðill sem býður upp á marga möguleika. Ég sýni annars vegar stóra blýantsteikningu og hins vegar fjölmargar minni. Stóra teikningin er gerð beint á vegginn og er af konu með sjónauka.

Ég hef verið mjög upptekin af því hvernig við lesum í heiminn í kringum okkur og hvernig við náum að



Í Sælu er aría úr Brúðkaupi Figarós stöðugt endurflutt. MYND/ADSEND

skilja hvert annað sem manneskjur í ólíkum raunveruleikum. Ég velti því sömuleiðis fyrir mér hvernig skilningurinn verður ekki bara til í gegnum orð heldur líka í gegnum það hvernig við hreyfum okkur og hvaða svipbrigið við gefum frá okkur,“ segir Halla.

Djúpheilög tónlist

Ragnar Kjartansson frumsýnir nýtt myndbandsverk, Sælu, þar sem síðasta arían úr Brúðkaupi Figarós eftir Mozart er endurflutt stöðugt í tólf klukkustundir. Verkið var tekið upp í Redcat, Los Angeles, á Fluxus Festival LA Phil vorið 2019. Með aðalhlutverkin fóru Kristján Jóhannsson og Laurel Irene.

„Upphaflega gerði ég þetta verk árið 2011 fyrir Performa-listahátíðina í New York. Ég held ég hafi heyrt þessa aríu fyrst í kvikmyndinni Amadeus þegar ég var átta ára. Ég gjörsamlega dýrkaði þessa mynd og sá hana sjó sinnum þegar hún var í bíó. Einhvers konar hápunktur þessarar kvikmyndar er þessi aría. Hún hefur alltaf fylgt mér síðan. Þegar ég var unglingur blastaði ég henni í græjunum í eftirpartium, síðan hef ég séð margar uppfærslur á Brúðkaupi Figarós til að fá kikkið undir lokin þegar þessi aría fyrirgefningarinnar svífur yfir mann eins og snjó-korn,“ segir Ragnar.

„Brúðkaup Figarós er náttúrulega háþólitískt verk frá því rétt fyrir frönsku byltinguna og rétt eftir frelsisstríð Bandaríkjanna. Á þessum tíma er nútíminn að verða til með öllum sínum spurningum

um mannvirðingu, réttindi og lýðræði. Þetta er gamanópera um óréttlæti, ofbeldi og forréttindi og var náttúrulega bönnuð víða fyrst um sinn. Það er í þessu atriði sem greifinn, sem hefur reynt að framfylgja „rétti“ sínum til að nauðga þjónustustúlkunni alla óperuna, biðst fyrirgefningar eftir að komist hefur upp um hann og greifafrúin segir: Ég fyrirgef þér af því að ég er blíðari en þú. Svo syngja allir að nú sé allt fyrirgefið. Þessi stutta aría er svo fánlega falleg og sorgleg. Þetta er svo djúpt en líka yfirborðslegt.

Greifinn er kannski ekkert að meina þetta og greifynjan gerir bara það sem hún þarf að gera til að allir haldi lífi sínu og limum. Á yfirborðinu virðist allt gott en er einhvern veginn vonlaust. Það er ekki hægt að tjá þetta í orðum. Mozart tjáir þessar flóknu tilfinningar í tónlistinni. Svona hefur menning okkar alltaf verið; óréttlæti, iðrun og fyrirgefning sem bitur síðan aftur í skottið á sér. Þetta verk snýst um að formgera þessa aríu.“

Ragnar sýnir einnig nýtt málverk þar sem Eros og Venus eru í aðalhlutverki. „Þetta er málverk af dóttur minni, Sigurvinu Zitu. Hún elskar styttur og pósar oft með þeim. Við eigum Venusarstytta og svo eigum við eftirmynd af Erosi. Hún setur oft teppi utan um kotta og liggur sem Eros. Ég málaði mynd af því. Málverkið er líka inspirerað af Anne Carson sem skrifaði bókina Eros the Bittersweet, sem er einhver magnaðasta bók sem skrifuð hefur verið um ástina.“

Sjón sæmdur heiðursorðu

Laugardaginn 27. febrúar var skáldið og rithöfundurinn Sjón sæmdur frönsku heiðursorðu lista og bókmennta (L'Ordre des Arts et des Lettres – officier) sem er æðsta viðurkenning sem veitt er af hálfu hins opinbera þar í landi á sviði menningar og lista. Athöfnin fór fram í franska sendiherrabústaðnum á Skálhóltsstíg 6 og það var sendiherra Frakklands, Graham Paul, sem afhenti orðuna.

Orðan er veitt til þess að heiðra þá sem skara fram úr í list- eða bókmenntasköpun jafnt í Frakklandi sem annars staðar.



Hinn hæfileikamikli Sjón. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þjóðleikhúsið vill ný leikrit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjóðleikhúsið kallar eftir nýjum leikritum

Þjóðleikhúsið vill efla leikritum á Íslandi og segja sögur sem eiga brýnt erindi. Auglýst er eftir nýjum leikverkum, hvort heldur fullbúnum verkum eða vel útfærðum hugmyndum til þróunar innan leikhússins. Að þessu sinni er lögð sérstök áhersla annars vegar á frumsamin leikverk eftir konur og hins vegar verk sem fjalla með einhverjum hætti um fjölbreytileika og fjölmenningu. Það útilokar þó á engan hátt önnur áhugaverð verk eða hugmyndir.

Óskað er eftir handritum í fullri lengd eða vel útfærðum hugmyndum að leikritum, með sýnishorni af leiktexta. Stutt lýsing á verkinu,

» ÓSKAÐ ER EFTIR HANDRITUM Í FULLRI LENGÐ EÐA VEL ÚTFÆRÐUM HUGMYNDUM AÐ LEIKRITUM.

1-2 bls., skal fylgja, þar sem fram kemur persónufjöldi, atburðarás og ætlunarverk höfundar. Einnig skal fylgja stutt ferilskrá höfundar. Nánari upplýsingar eru á leikritun@leikhusid.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl 2021.

DV

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á DV.IS

VEFÁSKRIFT AÐEINS 1.590 KR.*

VEF- OG PRENTÁSKRIFT AÐEINS 2.990 KR.*



512 7000

WWW.DV.IS/ASKRIFT

ASKRIFT@DV.IS

* verð miðast við mánaðaraskrift, engin binding.



SERTA ER OPINBER BIRGI



CLASSICO

YORK

LIGNE

MAGNIQUE

FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM – HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er fánleg í verslunum Beta Baks í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði. Metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í íslenski þýðingu fylgir rúmunum.

5 STJÖRNU HÓTEL RÚMIN frá Serta eru framleidd til að fullnægja yfstrustu kröfum. Fjaðrandi botn gefur 5 svæða heilsudýnnum óviðjafnanlega fjöðrun og stuðning, lúxus yfirdýnan lagast að þér og þér líður eins og þú svífir. Velkomin í þitt 5 stjörnu heilsurúm, heima hjá þér – allar nætur – alltaf.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjadmasvæði. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf, úr kaldpressuðum svampi og vinnur vel á móti fjöðruninni í botni og dýnu.

MAGNIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að velja mismunandi fætur og einnig eru fánleg náttborð í stíl.

Verðdæmi: Classico 160 x 200 cm

Verð: 349.900 kr (botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafli)

(Bókin Þess vegna sofum við fylgir í kaupnum)

Alþjóðleg metsölubók

MATTHEW WALKER

Þess vegna sofum við

Um mikilvægi svefns og dramms

Bókin Þess vegna sofum við, eftir dr. Matthew Walker fylgir kaupum á rúmunum úr 5 stjörnu hótélrumalínunni frá Serta. Bókin hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almenningu fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur. Matthew Walker er prófessor við Harvard og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífisfræði.

Verðmæti: 3.490 kr.

HRINGBRAUT

- 20.00 Matur og heimili** Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innan-hússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Lífið er lag** Þáttur um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árána. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
- 21.00 21 - Fréttabáttur á þriðjudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringa-þáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
- 21.30 433** Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**
- 09.10 Spaugstofan 2008-2009**
- 09.35 Kastljós**
- 09.50 Menningin**
- 10.00 Íslendingar** Árni Scheving
- 10.45 Af fingrum fram** Jóhann Helgason
- 11.30 Íslenskur matur**
- 11.55 Heimaleikfimi**
- 12.10 HM í skíðagöngu** Bein útsending frá keppni í 10 km skíðagöngu kvenna.
- 13.25 Hundalíf**
- 13.35 Leyndardómar mannslikamans**
- 14.30 Baðstofuballettinn**
- 15.00 Leyndarlíf kattardýra**
- 15.50 Baráttan - 100 ára saga Stúdentaráðs**
- 16.05 Sitthvað skritið í náttúrunni**
- 17.00 Martin læknir**
- 17.50 Táknafréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Óargardýr**
- 18.29 Hönnunarstirnin**
- 18.46 Visundur** Sogrör og loftþrýstingur.
- 18.50 Krakkafréttir**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.00 Okkar á milli**
- 20.30 Eldað úr afskurði Mat-sjokket**
- 21.00 Síðasta konungsríkið Last Kingdom**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 DNA** Danskir sakamálaþættir um lögreglumanninn Rolf Larsen. Fimm árum eftir hvarf barnungrar dóttur hans finnur hann sönnun þess að mögulega sé hún enn á lífi. Hann leitast svara um leið og hann vinnur að svipuðu máli með aðstoð fransks rannsóknarlögreglumanns. Aðalhlutverk: Anders W. Berthelsen, Zofia Wichlacz og Charlotte Rampling. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.05 Vesalingarnir** Les Misérables
- 00.20 Dagskrárlok**

GOLFSTÖÐIN

- 10.00 LPGA Tour 2021** Útsending frá Gainbridge LPGA.
- 13.00 LPGA Tour 2021** Útsending frá Gainbridge LPGA.
- 16.00 LPGA Tour 2021** Útsending frá Gainbridge LPGA.
- 19.00 LPGA Tour 2021** Útsending frá Gainbridge LPGA.
- 22.00 PGA Special. Bubba Watson and Friends Match**

SJÓNVARP SÍMANS

- 13.00 Dr. Phil**
- 13.45 The Late Late Show**
- 14.30 American Housewife**
- 16.40 Family Guy**
- 17.00 The King of Queens**
- 17.20 Everybody Loves Raymond**
- 17.45 Dr. Phil**
- 18.30 The Late Late Show**
- 19.15 Speechless**
- 19.40 mixed-ish**
- 20.10 Zoey's Extraordinary Playlist** Skemmtileg þáttaröð þar sem tónlist spilar stórt hlutverk. Zoey er tölvunarfræðingur sem á erfitt með að mynda tengsl við annað fólk.
- 21.00 FBI**
- 21.50 Dark Money**
- 22.50 Fosse/Verdon**
- 23.40 The Late Late Show**
- 00.25 Station 19**
- 01.10 The Resident**
- 01.55 The Great** Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívaði sem fjallar um eina merkustu konu mannkynsögunnar, Katrínu miklu.
- 04.00 Síminn + Spotify**

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegis**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisdeinni hluti**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Lofthelgin**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Frjálsar hendur**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestir**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Krakkakastið (Visinda)** Villi (naglbítur)
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.30 Kvöldsgagan. Grettis saga** (10 af 21)
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.09 Lestur Passíusálma** (24 af 50)
- 22.15 Samfélagið**
- 23.10 Segðu mér**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.05 Daphne & Velma**
- 11.15 Phantom of the Opera**
- 13.35 The Space Between Us**
- 15.30 Daphne & Velma**
- 16.45 The Space Between Us**
- 18.40 Phantom of the Opera**
- 21.00 Alpha** Frábær ævintýramynd sem gerist fyrir 20 þúsund árum, einhvers staðar á meginlandi Evrópu, og segir frá ungum dreng, Keda, sem í miðri veiðiferð með föður sínum verður viðskila við hann og aðra veiðifélaga þeirra.
- 22.30 Ben is Back**
- 00.15 Collide**
- 01.50 Alpha**

STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 Veronica Mars**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The O.C.**
- 10.05 Logi í beinni**
- 10.45 The Village**
- 11.30 NCIS**
- 12.10 Friends**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 The Office**
- 13.20 The Diagnosis Detectives**
- 14.20 Ísskápastríð**
- 14.50 Poppstar**
- 15.30 Hannað fyrir Ísland**
- 16.10 First Dates Hotel**
- 17.00 PJ Karsjó**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 MasterChef Junior**
- 19.50 12 Puppies and Us** Heimildarþættir frá 2020 þar sem fylgst er með þegar tólf hvalpar eignast ný heimili og hvernig gengur fyrstu mikilvægustu mánuðina saman.
- 20.55 Mom**
- 21.15 Magnum P.I.**
- 22.05 Alternate Endings. 6 New Ways to Die in America**
- 23.10 Last Week Tonight with John Oliver**
- 23.45 The Wire**
- 00.45 The Good Doctor**
- 01.30 Limetown**
- 02.00 I Love You, Now Die**
- 03.15 Veronica Mars**
- 03.55 The O.C.**

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaeftir**
- 20.00 Friends**
- 20.20 Friends**
- 20.45 The Office**
- 21.10 The Bold Type**
- 21.55 Wyatt Cenac's Problem Areas**
- 22.25 Orange is the New Black**
- 23.10 Our Girl**
- 00.00 Friends**
- 00.25 Friends**
- 00.45 The Office**

STÖÐ 2 SPORT

- 08.35 Seinni bylgjan - kvenna**
- 09.35 Seinni bylgjan - karla**
- 10.50 Laddi**
- 11.20 Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
- 11.50 Rúnar Frey Gíslason**
- 12.30 Þór Þ. - Narðvík** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 14.10 Stjarnan - Tindastóll**
- 15.50 Haukar - Gróttu** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 17.15 Valur - FH**
- 18.40 Seinni bylgjan - karla**
- 20.00 Dominos Kórfulboltakvöld**
- 21.25 Valur - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
- 22.50 Seinni bylgjan - kvenna**
- 23.50 Njarðvík - IR** Útsending frá leik í 1. deild kvenna í kórfulbolla.

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.20 Bournemouth - Watford**
- 09.00 Football League Show**
- 09.25 Ítölsku mörkin**
- 10.15 Eibar - Huesca**
- 11.55 Sevilla - Barcelona**
- 13.35 Alavés - Osasuna**
- 15.15 Getafe - Valencia**
- 16.55 Real Madrid - Real Sociedad**
- 18.40 Spænsku mörkin**
- 19.35 Juventus - Spezia** Bein útsending.
- 21.40 Lazio - Torino**
- 23.20 Brooklyn Nets - Dallas Mavericks** Útsending frá leik í NBA.



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  REKKJAN



DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR



LAYLA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir
kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi,
styrktir kanntar, toppur sem gefur góða
þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

WWW.REKKJAN.IS

Gullhnötturinn í sýndargleðiljóma

Golden Globe-verðlaunin fóru aðallega fram á netinu og Tinu Fey og Amy Pohler tókst að djóka sig í gegnum vandræðalegt kvöldið þótt spurning Fey um hvort hægt hefði verið að afgreiða þetta með tölvupósti þyki hafa komist óþægilega nálægt kjarna málsins.

Samtök erlendra skemmtanabransablaðamanna í Hollywood afhentu þeim sem talin eru hafa skarað fram úr í kvikmyndum og sjónvarpi verðlaun sín sem kennd eru við Gullhnöttinn, Golden Globe, á sunnudagskvöld við fordæmalausar aðstæður plágunnar.

Hefðbundnar tiskusýningar fræga fólksins á rauða dreglinum færðust að mestu á Zoom og verðlaunin voru í fyrsta skipti ekki aðeins afhent í Los Angeles á Beverly Hilton-hótelinu, heldur einnig frá Rainbow Room í New York. Tæknilegir örðugleikar, skipulagsleysi og fleira vesen varpaði skugga á gleðina en það var þó fleira en COVID-19 sem setti gleðina í annarlegt samhengi þar sem samtök erlendu pressunnar í Hollywood hafa lengi verið sökuð um mútupægni og spillingu þannig að í raun myndi enginn blaðamaður með snefil af sjálfsvirðingu skrá sig í klúbbinn sem auk þess, og til þess að bita höfuðið af skömminni, hefur áratugum saman aðeins verið skipaður hvítu fólki.

Hollywood-stjörnurnar létu þó ekki sitt eftir liggja, afhentu og tóku á móti Gullhnöttum og reyndu margar hverjar að gera sem best úr þessu öllu saman.

toti@frettabladid.is



Rosamund Pike hlaut Gullhnött fyrir andstyggilega góðan leik í *Care a Lot*. Kjöllinn hennar hefði notið sín vel á rauða dreglinum en þessi mynd sem hún sendi á sýndardregil fjölmiðla varð að duga.



Leikkonan Angela Bassett sendi rauðadregils mynd af sér í fjölblaum fjaðurham frá Dolce & Gabbana með Graziela-skarti. Myndin gerði allt vitlaust á Twitter þar sem fólk réð sér ekki fyrir hrifningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Gullhnattargengið er skipað tæplega 90 blaðamönnum, engum svörtum, frá öllum heimshornum eins og þessi mótmælandi minnti áþreifanlega á.



Skák og mátt! Anya Taylor-Joy tók raf-rænt við verðlaunum fyrir besta leik í stakri sjónvarpsseríu fyrir *The Queen's Gambit*.



Heiðurshjónin Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas mættu í eigin persónu á sviðið í New York og kynntu tilnefningar fyrir bestu dramakvikmyndina.



Leikkonurnar og grínistarnir Tina Fey og Amy Poehler virtu tveggja metra regluna með slíkum stæl að þúsundir kílómetra skildu þær að þar sem Fey kynntir hátíðina frá New York á meðan Poehler var á hinum hefðbundna vettvangi Golden Globe í Los Angeles.



Hollywood-goðsögnin, leikkonan, aktivistinn og líkamsræktarfrömuðurinn Jane Fonda fékk heiðursverðlaunin kennd við Cecil B. deMille fyrir ævistarf sitt í kvikmyndum. Fonda, sem er 83 ára, var sjálfri sér lík og hélt innblásna þrumuræðu þegar hún þakkaði fyrir sig.



Framlinustarfsfólki, sem mest hefur mætt á í heimsfaraldrinum, var boðið til Golden Globe-hátíðarinnar og mætti í sínu finasta þússi. Með grimur að sjálf-sögðu.



Sirius 

Gleðigjafi þjóðarinnar

Hið ljúfa líf er ekki langt undan.
Sirius Rjómasúkkulaði er allt sem þarf.

Stuttskífan MOA074 frá tónlistarmanninum Gunnari Jónssyni Collider kom út í síðustu viku. Á sama tíma kom stuttskífan út á sjö tommu vinylútgáfu hjá Móatúni 7, sem seldist strax upp.

En hver er eiginlega Gunnar Jónsson?

„Guð! Þetta er spurning lífs míns. Hver er ég eiginlega? Ég er nokkuð viss um að ég heiti Gunnar Jónsson og sé fæddur og uppalinn í Breiðholti. Ég er eiginlega alveg 100% á því að ég eigi kærustu sem ég bý með í miðbæ Reykjavíkur en ef þið hin sjáið hana ekki þá vil ég fá að vita af því hið snarasta. Og síðan geri ég tónlist og pródúsera og skrifa og alls konar gaman,“ segir hann.

Gunnar segist alltaf hafa verið hugfanginn af tónlist.

„Fyrsta alvöru minningin mín er ég tólf ára gamall að hlusta á gítarsóló sem mér þótti sérlega vel heppnað. Það sem kom á undan er hálfgerð móða. Ég var í tónskóla Eddu Borg sem barn og lærði á blokkflautu og seinna klarinett. Síðan kynntist ég gitarnum og tónlist Nirvana og spilaði með rokkhljómsveitum öll mín unglingsár,“ segir Gunnar sem var mjög ungur þegar þegar var farinn að spila niðri í bæ.

„Ég var til dæmis reglulega að rokka á gamla Grand Rokk þegar ég var fjórtán ára gamall og upp úr. Veit ekki hvort þannig væri leyfilegt í dag, en ég kynntist alls kyns áhugaverðu fólki og er mjög þakklátur fyrir það.“

Síðar segist hann hafa uppgötvað raftónlist og stúdíóið.

„Hefraunar aldrei getað slitið mig frá tónlist, þó mig langi stundum til þess. Ég held að lífið væri auðveldara sem endurskodandi, eða einhver geggjáður þjónustufulltrúi í Arion banka.“

Dansað í huganum

MOA074 er þriggja laga stuttskífa og kemur út hjá Móatúni 7, líkt og áður kom segir.

„Móatún 7 er áhugaverðasta nýja útgáfufyrirtækið á Íslandi. Árni Grétar, betur þekktur sem Futuregrapher, er að sinna þessu af mikilli alúð og gefur út sjö tommu vinylplötur og sendir út um allan heim. Hann er að gefa út rjómann af íslenskri og erlendri raftónlist og hefur þegar gefið út alls konar „legend“ í þessum heimi, eins og til dæmis Plaid. Mér fannst ég þurfa að taka þátt í svona töffheitum og sendi honum nokkur lög,“ segir Gunnar.

Hann segir þetta vera blöndu af jungle, IDM og breakbeat tónlist.

„Sem hefur mögulega enga þýðingu fyrir lesendur Fréttablaðsins,“ segir hann og hlær. „En þetta er sem sagt nokkuð tilraunakennd en þó dansvæn músík. Mögulega á hún best heima á sveittum klúbba klukkan hálf fimm um nóttu og



Vinylútgáfan af MOA074 seldist upp sama dag og hún kom út, á meðan Gunnar var í sundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Máttur listarinnar er mikill

Stuttskífa **Gunnars Jónssonar Collider**, MOA074, kom út í síðustu viku og seldist vinylútgáfan nánast samstundis upp. Hann vinnur nú að breiðskífu sem kemur út síðar á árinu.

allir eru haus- og hömlulausir. En í ljósi aðstæðna þá vonast ég til þess að fólk dansi við þetta heima í stofu. Sturlist í stofunni, þú skilur. Ég fantasera raunar um að fólk sleppi sér á stofugólfinu og túlki sínar tilfinningar, og ef hreyfingin er eitthvað takmörkuð þá má alltaf dansa í huganum. Það getur verið voða hollt líka.“

Hvernig hafa viðtökurnar verið? „Á bilinu „hlutlausar“ til „mjög jákvæðar“. Ég finn fyrir miklum stuðningi frá fólki sem elskar raftónlist og velviljuðu skilningsleysi frá fólki sem gerir það ekki. Mér hafa allavega ekki borist neinar hótanir enn. Maður getur ekki beðið um meira,“ svarar hann.

Upplagið af vinylnum var mjög takmarkað.

„Hann seldist bókstaflega upp á örfáum klukkustundum. Ég skellti mér í sund og það allt var uppselt þegar ég kom til baka. Ég get

ÉG HEF REYNDAR HALDIÐ FJÖLMARGA TÓNLEIKA FYRIR KÖTTINN MINN Á ÁRINU, SEM ER STÓRHRIFINN. EN KETTIR BORGJA MJÖG ILLA.

verið lengi í sundi en þetta var með ólíkindum. En fólk getur enn keypt útgáfuna á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Móatúns 7,“ segir hann.

Kötturinn stórhreifinn

Hann segist búinn að fara í að minnsta kosti þrjá hringi með allar sínar tilfinningar í heimfaraldrinum.

„Eins og við öll eflaust. Ég held að þetta sé tækifæri til að sjá hvað skiptir mann mestu máli í lífinu og að því leytnu til hefur þetta haft góð áhrif á mína sköpun. Það er

hins vegar slæmt þegar manni fer að liða eins og það sé engin framtíð fyrir yngri kynslóðir, það dregur úr. Allir þurfa einhverja gullrót. En á móti kemur þá hefur fólk neyðst til að líta inn á við, sem er hollt og valdeflandi til lengri tíma, ímynda ég mér.“

Lítið hefur verið um tónleikahald síðasta árið eins og gefur að skilja.

„Ég og Teitur Magnússon náðum einum tónleikum í Mengi kvöldið fyrir fyrstu alvarlegu samkomutakmarkanirnar fyrir um það bil ári. Annars ekkert. Ég hef reyndar haldið fjölmarga tónleika fyrir köttinn minn á árinu, sem er stórhreifinn. En kettir borga mjög illa. Sem betur fer hef ég fastar tekjur annars staðar frá, annars hefði þetta verið mjög erfitt. Ég skora raunar á yfirvöld að koma til móts við listamenn, eða að minnsta kosti bóka þá alla á næstu árhátíð og spreða eins og þetta sé braggi í Nauthólsvík,“ segir hann.

Von á breiðskífu

Stendur til að fylgja stuttskífunni eftir með tónleikum?

„Ég neyðist til að gera eitthvað, ekki satt? Stóra spurningin er hvort ég kunni enn þá að vera meðal fólks. Ég hitti óvænt sex manneskjur sem ég þekki í sundi um daginn og þurfti að leggja mig eftir álagið sem því fylgdi. Þvílík mannleg samskipti!“

Gunnar vinnur nú að breiðskífu í fullri lengd, sem kemur út síðar á árinu.

„Síðan er ég búinn að nota einveruna í að kynna mér feril leikstjórans Akira Kurosawa og langar helst að halda því aðeins áfram. Mér finnst það hálf-fyndið: Kurosawa er löngu dáinn en hann er þó búinn að bjarga faraldrinum fyrir mér. Máttur listarinnar er mikill,“ segir Gunnar.

Hægt er að versla rafrænt eintak af MOA074 á moatun7.bandcamp.com. steingerdur@frettabladid.is

FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út **þriðjudaginn 9. mars.**

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

Jóhann Waage
Sími: 550-5656
johannwaage@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Við kynnum Islandus Dakota



JS WATCH CO. REYKJAVIK KYNIR MEÐ STOLTI NÝTT ÚR TILEINKAÐ HINU HEIMSFÆGA FLUGVÉLARFLAKI Á SÓLHEIMASANDI. ÚRIÐ ER SVOKALLAÐ FLUGMANNNA EÐA PILOT ÚR OG HEITIR ISLANDUS DAKOTA C-117. ÚRIÐ ER FÁANLEGT MEÐ SILFRAÐRI EÐA SVARTRI SKÍFU OG BRÚNNI EÐA SVARTRI LEÐUR ÓL.



ISLANDUS DAKOTA C-117
SILFRUÐ SKÍFA MEÐ SVÖRTUM SJÁLFLÝSANDI STÖFUM
OG VÍSUM MEÐ BRÚNNI KÁLFAÓL ÚR ÍTÖLSKU LEÐRI




ISLANDUS DAKOTA C-117
SVÖRT SKÍFA MEÐ KREMUÐUM
SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM MEÐ BRÚNNI KÁLFAÓL ÚR ÍTÖLSKU LEÐRI

Sólheimasandur

63.459121°N, - 19.364734°W

GILBERT ÚRSMIÐUR
FAGMAÐUR Í YFIR 50 ÁR

DAKOTA C-117
U.S. NAVY DOUGLAS DAKOTA C-117



JS Watch co.
REYKJAVIK
WWW.JSWATCH.COM

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



BAKÞANKAR

Hauks Arnar
Birgissonar



Rétthugsun eða röng?

Mikið hefur þjóðfélag okkar breyst hratt undanfarið. Ég meina, hverjum hefði dottið í hug fyrir ári síðan að fólki myndi standa stuggur af grímu-lausum(!) manni sem gengur inn í banka? Svo er það húmorinn, sem virðist á hraðri útleið. Engum má lengur gera grín að, því allir virðast allt í einu tilheyra einhverjum hópi sem þarfnast verndar. Ekkert má gagnrýna, ekki einu sinni í gríni, án þess að vegið sé að æru heilu þjóðfélagshópanna. Þeir sem beinlínis starfa við gagnrýni mega fara að vara sig. Gagnrýnandinn sem ætlar að gefa enn einni ofurhetju-kvikmyndinni, sem fjallar ekki um neitt, eina stjörnu þarf að passa sig að veða ekki að starfsheildri þeirra sem lögðu nótt við nýtan dag við gerð myndarinnar.

Fókúsin á kyn eða kynþátt gerir það að verkum að einstaklingurinn sjálfur skiptir ekki lengur máli. Nú auglýsir Þjóðleikhúsið eftir nýjum leikverkum, sem reyndar þurfa að vera samin af konum. Óskarsverðlaunamyndirnar Shakespeare in Love og Tootsie, þar sem aðalpersónurnar neyddust til þess að skipta um kyn til að fá störf við hæfi í leiklistarbransanum, hafa ekki verið stjórnendum Þjóðleikhússins ofarlega í huga. Þá virðist ekki vera þörf á handritum frá öllum hinum kynjunum.

Og nú má einn vinsælasti sjónvarpsþáttur síðustu áratuga ekki lengur vera í beinni útsendingu, allt vegna þess að einn ungur maður gat ekki hamið skap sitt í leikslök. RÚV var nær að hafa ekki seinkun á útsendingunni. Öllu er snúið á hvolf og almenn skynsemi virðist sjaldgæfari en knattspyrnumaður í svörtum takkaskóm. Enginn bendir á að keisarinn er ekki í neinum fötum.

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTIVANGUR
VIÐSKIPTALÍFSINS



Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarinn

MARKAÐURINN

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

HEIMA ER BEST



STILLANLEGT HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU, EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

BODYPRINT Reverie
Sleep well tonight. Live better tomorrow.



BARON VANDAÐUR RAFDRIFINN LEÐURSÓFI
Verð kr. 524.900.-



PANDORA

RAFSTILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL

Verð 219.900.-

ZERO GRAVITY



FRÍR
FLUTNINGUR
UM ALLT LAND
Á NÆSTU STÖÐ *NEMA ÚTSÖLUVÖRUR



10.000 kr.
AFSLÁTTUR AF
HEILSURÚMUM

25%
AFSLÁTTUR AF
MJÚKVÖRU
VIÐ DÝNUKAUP

ÝMIR

7 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA
MEÐ BOTNI OG FÓTUM

120×200 cm: Verð áður kr. 84.900

NÚ AÐEINS KR. 74.900

Fleiri stærðir og gerðir í boði



MIKIÐ
ÚRVAL AF
FERMINGAR-
GJÖFUM

FERMINGARTILBOÐ Í FULLUM GANGI

VAXTALAUSAR
12
mán
GREIÐSLUR



SÆNGURVER OG NÁTTSLÖPPAR



LEXON FLIP
VEKJARAKLUKKA
MARGIR LITIR

Minni gerð kr. 5.500.-
Stærri gerð kr. 6.900.-



VANDAÐAR SÆNGUR
OG KODDAR Í ÚRVALI



HÖFÐAGAFLAR
OG RÚMFÖT

OUTLET

Gerðu frábær kaup

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.



MIKIÐ
ÚRVAL
Í STÆRRI
GERÐUM

FLEIRI
STÆRÐIR,
OG GERÐIR
Í BOÐI

Svefn & heilsa

★★★★★



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBODSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.